

Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykholahreppi



Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 22-21
Nóvember 2021

EFNISYFIRLIT

Myndaskrá	5
1. Grunnupplýsingar.....	11
2. Tæknileg atriði.....	12
2.1 Útdráttur.....	12
2.2 Forsaga rannsóknar	12
2.3 Stjórnsýsla og Fjármögnun.....	12
2.4 Aðrar almennar upplýsingar	15
2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi.....	16
2.5.1 Fornleifauppgröftur.....	16
2.5.2 Merkingar á minjum.....	17
2.6 Stærð og umfang uppgrftar.....	17
3. Þórisstaðir.....	18
3.1 Saga.....	18
3.2 Könnunarskurður í túngarð 1788-73.....	19
3.2.1 Túlkun.....	19
3.3 Merking á minjum.....	20
3.3.1 Garðlag 1788-70	20
3.3.2 Útihús 1788-74.....	20
3.3.3 Rétt 1788-75	21
4. Gröf.....	22
4.1 Saga.....	22
4.2 Fornleifarannsókn á brunn 1788-276	23
4.2.1 Túlkun.....	24
4.3 Merking á minjum.....	26
6.1.1 Fornleifar við gamla bæinn á Gröf	26
5. Hallsteinsnes.....	26
5.1 Saga.....	26
5.2 Fornleifarannsókn á garðlagi 1788-135	27
5.2.1 Túlkun.....	28
5.3 Könnunarskurðir og borkjarnar í mögulegar fornleifar	30
5.3.1 Könnunarskurðir 1 í þúst 1788-293.....	31
5.3.2 Könnunarskurður 2 í túngarð 1788-294	32
5.3.3 Könnunarskurður 3 og borkjarni 7 í þúst 1788-292.....	34
5.4 Fornleifarannsókn á kolagröfum í Teigskógi	34
5.4.1 Borkjarnar í kolagrafir.....	36
5.4.2 Borkjarni 1 í kolagröf 1788-279.....	36
5.4.3 Borkjarni 2 í kolagröf 1788-281.....	36
5.4.4 Borkjarni 3 í kolagröf 1788-283.....	37
5.4.5 Borkjarni 4 í kolagröf 1788-284.....	38
5.4.6 Borkjarni 5 í kolagröf 1788-286.....	39
5.4.7 Borkjarni 6 í kolagröf 1788-287.....	40
5.1.1 Borkjarni 8 í kolagröf 1788-288.....	40
5.1.2 Fornleifarannsókn á kolagröf 1788-279	41
5.1.3 Túlkun.....	43
5.2 Fornleifarannsókn á rúst 1788-278.....	44
5.2.1 Túlkun.....	46
5.3 Merking á minjum.....	47

5.3.1	Vörður 1788- 184.....	47
5.3.2	Garðurinn við Flókavelli	48
6.	Barmur	50
6.2	Saga.....	50
6.3	Merking á minjum.....	51
6.3.1	Rúst 1788- 242	51
6.3.2	Rúst 1788-301	52
6.3.3	Bæjarstæði Barms	53
7.	Gróunes.....	55
7.1	Saga.....	55
7.2	Fornleifarannsókn á Naustum 1788-203 og 1788-204	55
7.2.1	Naust 1788-203	55
7.2.2	Túlkun.....	70
7.2.3	Naust 1788-204	82
7.2.4	Túlkun.....	83
7.3	Merking á minjum.....	84
7.3.1	Þraelavirki 1788- 206.....	84
7.3.2	Byrgi/rétt/sláturhús 1788-207	86
7.3.3	Nátthagi 1788-209 og Garðlag 1788-210	87
8.	Brekka	89
8.1	Saga Brekku	89
8.2	Borkjarnar í fornleifar	89
8.2.1	Borkjarni 9 í stekk/beitarhús 1788-325	89
8.2.2	Borkjarni 10 í jarðhýsi 1788-332.....	89
8.2.3	Borkjarni 11 í skála 1788-331.....	90
9.	Hofsstaðir.....	92
9.1	Saga.....	92
9.2	Fornleifarannsókn á Eilífsseli 2552-011.....	92
9.2.1	Hús A- Eilífssel	94
9.2.2	Túlkun.....	98
9.2.3	Hús B- Rúst til suðurs	104
9.2.4	Túlkun.....	106
9.3	Fornleifarannsókn á Garðlagi 2552-004.....	107
9.4	Fornleifarannsókn á vegi 2552-009	108
9.5	Fornleifarannsókn á garðlagi 2552-010	109
10.	Skálanes.....	110
10.1	Saga.....	110
10.2	Merking á minjum.....	110
10.2.1	Maríutröð/ akur 1788- 249.....	111
10.2.2	Garðlag 1788-252.....	111
10.2.3	Óþekktar rústir 1788-253.....	112
10.2.4	Óþekktar rústir 1788-254.....	112
11.	Lokaorð.....	113
12.	Heimildaskrá.....	114
13.	Skrár.....	117
13.1	Jarðlagaskrá.....	117
13.2	Fundaskrá Eilífssel.....	129
13.3	Fundaskrá Naust 1788-203.....	130

13.4	Sýnaskrá Eilífssel og kolagröf 1788-XX	131
13.5	Sýnaskrá Naust 1788-203.....	131
13.6	Teikningaskrá.....	132
13.7	Ljósmyndaskrá.....	133
13.8	Borkjarnar.....	170

Myndaskrá

Mynd 1. <i>Minjar í kringum Þórisstaði. Þar sjást túngarður 1788-73, garðlag 1788-70, útihús 1788-74 og rétt 1788-75.</i>	18
Mynd 2. <i>Túngarður 1788-73.</i>	19
Mynd 3. <i>Teikning á sniði í túngarð 1788-73 sem snýr í austur.</i>	19
Mynd 4. <i>Túngarður 1788-73. Snið snýr í norðaustur.</i>	20
Mynd 5. <i>Merking á garðlagi 1788-70.</i>	20
Mynd 6. <i>Merkingar við útihús 1788-74.</i>	21
Mynd 7. <i>Merkingar við rétt 1788-75.</i>	22
Mynd 8. <i>Brunnur 1788-276 áður en uppgröftur hófst. Þar sést tjrágróðurinn aftan við brunninn og huldi hann yfir brunninn að hluta til.</i>	23
Mynd 9. <i>Plan teikning af brunni 1788-276 eftir uppgröft.</i>	23
Mynd 10. <i>Brunnur 1788-276 eftir uppgröft. Þar sést niður í brunninn og hvernig steinar eru hlaðnir við vegg brunnsins.</i>	24
Mynd 11. <i>Snið teikning af brunni 1788-276 eftir uppgröft.</i>	25
Mynd 12. <i>Brunnur 1788-276 eftir uppgröft.</i>	25
Mynd 13. <i>Girðingastaurar við hrúnið fjárhús [1788-83] og þar sem minjar [1788-78, 1788-79, 1788-780, 1788-81, 1788-82, 1788-84] eiga að hafa verið staðsettar.</i>	26
Mynd 14. <i>Garðlag 1788-135 á Hallsteinsnesi.</i>	27
Mynd 15. <i>Steinahleðsla hluti af garðlagi 1788-135.</i>	28
Mynd 16. <i>Teikning af steinahleðslu á garðlagi 1788-135 þar sem möguleg göngubrú yfir blautt svæði er staðsett.</i>	29
Mynd 17. <i>Teikningar af sniði í gegnum garðlag 1788-135.</i>	29
Mynd 18. <i>Snið á garðlagi 1788-135, snið snýr í suðaustur.</i>	30
Mynd 19. <i>Könnunarskurðirnir tveir í mögulega rúst. Efri skurðurinn var grafinn í mögulegan vegg og neðri skurðurinn var grafinn í miðju mögulegs hólfs.</i>	31
Mynd 20. <i>Möguleg rúst sem var hulin gróðri og trjám.</i>	31
Mynd 21. <i>Snið í skurð í mögulegan vegg. Vinstri myndin sýnir suðvestur snið og hægri myndin sýnir norðaustur snið.</i>	32
Mynd 22. <i>Snið í miðju mögulegs hólfs. Sniðið snýr í suðvestur.</i>	32
Mynd 23. <i>Staðsetning prufuskurðar 2.</i>	33
Mynd 24. <i>Snið sem snýr í norður. Þar sést mögulegt torflag [1002].</i>	33

Mynd 25. Þúfa á blautu svæði í Teigskógi.....	34
Mynd 26. Borkjarni tekinn í mögulega þúst.....	34
Mynd 27. Snið í þúst [1788-292] þar sést einungis jarðvegur og siltaður mýrarauði neðst.....	34
Mynd 28. Skógurinn á Hallsteinsnesi þar sést yfir Þorskafjörð til Reykjanesfjalls. Mynd fengin úr Breiðfirðingi bls 111.....	35
Mynd 29. Borkjarni 1 og staðsetning kolagrafarinnar.....	36
Mynd 30. Borkjarni 2 og staðsetning kolagrafarinnar.....	37
Mynd 31. Borkjarni 3 og staðsetning kolagrafarinnar.....	38
Mynd 32. Borkjarni 4 og staðsetning kolagrafarinnar.....	39
Mynd 33. Borkjarni 5 og staðsetning kolagrafarinnar.....	39
Mynd 34. Borkjarni 6 og staðsetning kolagrafarinnar.....	40
Mynd 35. Borkjarni 8 og staðsetning kolagrafar [1788-288].....	41
Mynd 36. Kolagröfin sem var rannsókuð er fyrir miðju neðst á myndinni.....	41
Mynd 37. Kolagröfin komin í ljós eftir fjarlægingu yfirborðslags.....	42
Mynd 38. Lög [403] og [404] vestan megin í skurðinum fyrir kolagröfinni. Þar sést dökkt kolaríkt lag [403] undir yfirborði og ofan á blönduðu lagi [404].....	42
Mynd 39. Snið kolagrafarinnar eftir uppgröft.....	43
Mynd 40. Plan teikning á skurði í kolagröf [1788-279].....	43
Mynd 41. Teikning af kolagröf [1788-279].	44
Mynd 42. Mynd þar sem Krossnestjörnin er merkt inn, þar ofan við tjörnina eru klettur þar sem rústin er staðsett. Rústin er staðsett innan um rauða hringinn. Myndin fengin úr ornefnaskrá á síðunni nafnið.is hér https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/13647	44
Mynd 43. Rúst 1788-278 við Krossnestjörn á Hallsteinsnesi	45
Mynd 44. Snið tekið í austur vegg rústarinnar. Þar sést steinar hlaðnir ofan á stóru grjóti.	46
Mynd 45. Vörður 1788-184 á Hallsteinsnesi merktar með litlum staur og borða.....	47
Mynd 46. Hér eru hjólför vélarinnar sýnileg um 1 m frá garðinum í kringum flókavelli. Bent er á garðinn með rauðri ör.....	48
Mynd 47. Loftmynd af Flókavöllum og sést þar slóði vinnuvélar taka smá krók upp til norðurs að flókavöllum og þar aftur niður til suðausturs.....	49
Mynd 48. Minjar í kringum Barm. Minjar 1788-242 eru ekki innan á þessu korti og eru þær um 1 km suðvestan af bæjarstæði Barms.....	51
Mynd 49. Merkingar við rúst [1788-242].	52

Mynd 50. Merking við rúst [1788-301].....	53
Mynd 51. Merkingar við austurhlið bæjarstæðis Barms við veginn.....	54
Mynd 52. Snið sem snýr í vestur í Prufuskurði 1 í vestur vegg.	56
Mynd 53. Staðsetning prufuskurða.	57
Mynd 54. Við lok uppgrftar nausts 1788-203. Þar sjást veggir naustsins og grjóthleðslur í veggjum.	58
Mynd 55. Snið sem snýr í suður í gegnum vestur vegg. Þar sjást undirstöðusteinar [508], neðri torfveggur [507], efri torfveggur [506], blandað lag [517] og steinar í byggingu [501].	59
Mynd 56. Við miðju uppgrftar þar sem rauðu örin benda á þar sem talið var að byggingin var hólfaskipt.....	59
Mynd 57. Mynd tekin í suður átt. Hér sést Hólf A eftir að yfirborðslag og blandað lag [517] voru fjarlægð.....	60
Mynd 58. Eldstæði eða svar lag [510] í Hólfi A grafið í helming. Þar beint undir sést malarlag [518] og steinn með bolla og odd til vinstri við lagið.....	61
Mynd 59. Svart lag eða eldstæði [520] í Hólfi A.....	61
Mynd 60. Mynd tekin í norður átt. Hér er Hólf B eftir fjarlægingu á yfirborði og blönduðu lagi [517].	62
Mynd 61. Brennt torf [502] og stórgripabein F#1.....	62
Mynd 62. Hér sjást efri og neðri skeljalög [503] og [505], vindborið eða náttúruleg uppfylling [404] á milli skeljalagana og neðst er svo [515] þar sem sést í herðablað af stórgrip komið í ljós.	63
Mynd 63. Herðablað úr stórgrip F#15 fundið í lagi [515]. Neðst á myndinni er snið í Hólfi B þar sem efra skeljalag [503], milli lag [504] og neðra skeljalag [505].....	64
Mynd 64. Hólf B grafið í helming eftir fjarlægingu á skeljalagi [505]. Hér sést að búið er að grafa niður lag [515] og traðkað lag [519] og komið niður í náttúrulegt yfirborð.....	64
Mynd 65. Grafið niður á traðkað lag [519] sem lá yfir náttúrulegu yfirborði. Þar sjást skellur af brenndu torfi og kolalinsum.....	65
Mynd 66. Mynd tekin í norður átt. Hér sést Hólf C eftir að yfirborð og blandað lag [517] var fjarlægt.....	65
Mynd 67. Gjóska eða fínn sandur [514] í Hólfi C.....	66
Mynd 68. Smá hluti af skeljalagi [505] undir hrúni þar sem virtist vera skipt í hólf. Þar sést rétt undir er traðkað lag [521]......	66

Mynd 69. Hér sjást lög í Hólfi A. Til vinstri er malarkenndur jarðvegur [523], í miðju er torfblandað malarlag [522] og til hægri er traðkað kolablandað lag [521].	67
Mynd 70. Skeifulaga skurður [511] utan við vestur vegg	68
Mynd 71. Lína [527] skorin í kolasmítað lag [525].	69
Mynd 72. Snið við suður enda uppgraftarsvæðis. Efst er yfirborðslag [500], svo kolasmítað lag [509], næst malarlag [524], svo kolaríkt lag [525], þar á eftir malarkenndur jarðvegur [523], svo næst kolaríkt lag [526] og neðst var náttúrulegt yfirborð [529].	70
Mynd 73. Hér sjást steinar sem hafa verið lagðir til að girða af eldstæði í Hólfi A. Undir þeim sjást svo skeljalög [503] og [505] sem eru í	71
Mynd 74. Til vinstri: Steinahrún á milli Hólfa B og C þar sem virtist vera hólfaskipt. Til hægri: Steinahrún á milli hólfa A og B þar sem virtist vera hólfaskipt.	71
Mynd 75. Prufuskurður 1 í vestur vegg.	72
Mynd 76. Snið sem snýr í suður í prufuskurði 1.	72
Mynd 77. Snið sem snýr í norður í prufuskurði 2. Þar sést steinahrún neðst og þar beint að ofan efri veggur [506].	73
Mynd 78. Snið sem snýr í vestur í prufuskurði 2.	73
Mynd 79. Prufuskurður 2 í plani.	74
Mynd 80. Plan af prufuskurði 3.	74
Mynd 81. Snið sem snýr í suður í prufuskurði 4.	75
Mynd 82. Prufuskurður 4	75
Mynd 83. Snið sem snýr í austur á prufuskurði 4	76
Mynd 84. A-V þversnið sem snýr í suður á milli Hólfa A og B þar sjást skeljalög blandað við kolasmítað lag	77
Mynd 85. N-S þversnið sem snýr í vestur og sýnir jarðlög undir lagi [517].	77
Mynd 86. Rauða örin bendir á steininn sem var við jaðar eldstæðis [510]. Þar sést oddurinn og bollinn.	78
Mynd 87. Helstu kræklingafjörur í lok 19.aldar. Þar er sjáanlegt að mikið var um krækling á Vestfjörðum. Mynd fengin úr Íslenzkir sjávarhættir (Lúðvík Kristjánsson. 1985).	78
Mynd 88. „Kort sem sýnir rannsóknastöðvar. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst, svartur stöð án kræklings.“ Örin bendir á mynni Þorskafjarðar þar sem kræklingur fannst við rannsóknir árið 2020.	79

Mynd 89. Hér sést traðkað lag [521] og skeljalag [505] vestan megin, undir þar sem talið væri skil milli Hólfa B og C.....	79
Mynd 90. Efri tvær myndirnar sýna innanmál þar sem komið var niður á náttúrulegt yfirborð. Steinaröðin að innan til hægri á vestur vegg var fjarlægð til að kanna miðju steinaröð veggins. Neðri tvær myndirnar sýnir þegar búið er að fjarlægja steinaröðina.....	80
Mynd 91. Plan teikning af nausti [1788-203] við lok uppgrftar.	81
Mynd 92. Naust 1788-204.....	82
Mynd 93. Svart kolasmaitað lag [605] lá yfir svæðinu utan við naustið.	83
Mynd 94. Naust 1788-204, horft inn í naustið.....	84
Mynd 95. Matjurtagarðar á Grónesi.	85
Mynd 96. Þrælavirki 1788-206 á Grónesi með merkingar.....	86
Mynd 97. Byrgi/ rétt/ sláturhús 1788-207	87
Mynd 98. Merkingar á minjum við Nátthaga 1788-209 og Garðlag 1788-210 á Grónesi.	88
Mynd 99. Borkjarni 9 tekinn í stekk eða beitarhús [1788-325].....	89
Mynd 100. Borkjarni 10 tekinn í jarðhýsi [1788-332].....	90
Mynd 101. Borkjarni 11 tekinn í skála [1788-331].....	91
Mynd 102. Rústarhóllinn þar sem Eilífssel er staðsett. Þar sést greinilega Hús A en Hús B er lítt sýnilegra sunnan við hólinn.	93
Mynd 103. Hér eru húsin við á Eilífsseli við miðjan uppgröft. Hús B er til vinstri og hús A til hægri.	93
Mynd 104. Mynd tekin innan í Húsi A eftir fjarlægingu á hrúni [102] og [106]. Komin niður á lag [107] og steinahrún [119].....	95
Mynd 105. Móaska [108] samhliða gólflagi [109].	95
Mynd 106. Gólflag [109] og móaska [108] sem er staðsett í vinstri horni hússins.	96
Mynd 107. Gólflag [112] nær yfir innanmál hússins.....	97
Mynd 108. Gólflag [117] sést hér hægra megin á myndinni.....	98
Mynd 109. Innanmál í húsi A. Sést þar snið innan hússins og veggir.....	99
Mynd 110. Snið sem snýr í suðaustur á Húsi A, Eilífssel. Þar sjást gólflögin þrjú í svörtum lit [109, 112 og 117]	100
Mynd 111. Innan Húss A, komið niður í náttúrulegan jarðveg.....	101
Mynd 112. Snið sem snýr í suðvestur á prufuskurði.....	101

Mynd 113. Prufuskurður 1 sem var grafinn í gegnum vegg og hrun til að rannsaka hvort leifar væru að finna undir Húsi A.....	102
Mynd 114. Prufuskurður 2 í þvert á norðaustur vegg Hús A og til norðurs að enda uppgraftarsvæðis.....	103
Mynd 115. Teikning á húsi A og B á Eilífsseli eftir uppgröft.....	104
Mynd 116. Veggir í Húsi B. Syðri veggur er fremst og norðri veggur er aftar. Vinstri myndin er eftir að yfirborðslag var tekið af, þar sést mikið steinhrun úr veggjum yfir hólfinu. Miðju myndin er við miðju uppgraftar, þar hefur mesta steinhrun verið fjarlægt og komið niður í mögulegt gólfslag/ traðkað lag [206]. Hægri myndin er eftir uppgröft, þar sem allt steinhrun hefur verið fjarlægt og veggir standa eftir. Náttúrulegt yfirborð [202] er sjáanlegt innan í hólfu hússins og til suðurs við syðri vegg.....	105
Mynd 117. Hólf innan í Húsi B. Þar sést mögulegt gólfslag/ traðkað lag [206].....	105
Mynd 118. Plan teikning af Húsi B við Eilífssel.....	106
Mynd 119. Teikning af sniði garðlags [2552-004]	107
Mynd 120. Garðlag [2552-004] sem liggur frá vegi og niður að heimkeyrslu.....	107
Mynd 121. Gróinn upphlaðinn vegur [2552-009].....	108
Mynd 122. Nútímalegt vatnsræsi þar sem járnþrjú voru sjáanlegar við endann.	109
Mynd 123. Minjar við Maríutröð.	111

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer 202101-0043

ÞJMS númer 2021-23

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

Ragnar Edvardsson. 2004. *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu*. NV nr. 17-04

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016. *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*. NV nr. 09-16.

Margrét Hallmundsdóttir. 2020. *Fornleifaskráning vegna endurbyggingar á Gufudalsvegi frá Gufudalsá til Krakár*. NV nr. 17-20

Tegund rannsókna. Framkvæmdarannsókn, Fornleifaskráning, Merkingar

Staðsetning. Vestfjarðarvegur 60 frá Bjarkalundi að Skálanesi

GPS hnit. Frá Þórisstöðum ISN93- A: 353222 N: 566649 að Skálanesi ISN93- A: 340643 N: 561290

Rannsóknartími. 17. maí – 30. september 2021

Leyfishafi. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna. Átta



2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Fornleifadeild náttúrustofu Vestfjarða gerði fornleifarannsókn á vegkafla vegna vegaframkvæmda á Vestfjarðarvegi 60 milli Bjarkalundar og Skálaness. Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisáðgerðir á fornleifum sem verða fyrir áhrifum nýja vegarins innan vegstæðis. Verkefnið skiptist í þrjá þætti, þ.e. uppgröft, könnunarskurðir og merking minja. Á meðan verkinu stóð bættist við fornleifaskráning. Þar breyttist veglína í Djúpadal og ská þurfti minjar á þeim vegslóða og vegslóði við námu á Grónesi. Þar að auki voru áður ósjáanlegar minjar skráðar í Teigskóg eftir að skógur var felldur í veglínu og við Krossnestjörn á Hallsteinsnesi. Þar ber að skoða skráningar skýrslu *Fornleifaskráning innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi. Viðbætur við fornleifaskráningu og vegna breytinga á veglínu*¹ samhliða þessu verki.

Þær minjar sem voru í veglínu voru rannsakaðar með fornleifauppgreftri eða könnunarskurðum og þær minjar sem voru nálægt veglínu voru merktar. Í þessari skýrslu verður farið yfir þær fornleifarannsóknir sem Minjastofnun Íslands fór fram á innan jarðamarka þórsstaða, Grafar, Hallsteinsness, Barms, Hofstaða, Gróness og Skálaness.

2.2 Forsaga rannsókna

Árið 2004 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar á Vestfjarðavegi 60 og í október það ár kom úr skýrslan *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu. Vegna ný og endurlagningar Vestfjarðarveggar nr. 60*.² Árið 2015 fór Minjastofnun fram á að svæðið yrði skráð aftur með þeim stöðlum og kröfum sem stofnunin setur við fornleifaskráningu í dag. Sú skráning kom fram í skýrslunni *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*.³

2.3 Stjórnsýsla og Fjármögnun

Að beiðni Reynis Óla Þorsteinssonar hjá Vegagerðinni ehf. gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn á vegkafla vegna breytinga á Vestfjarðarvegi 60 milli Bjarkarlundar og Skálaness.

¹ Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

² Ragnar Edvardsson. 2004.

³ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016.

Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisáðgerðir innan jarðamarka Þórisstaða, Hallsteinsness, Gróness, Hofstaða, Barms og Skálaness. Þær mótvægisáðgerðir sem farið var fram á eru sjáanlegar hér í tveimur bréfum Minjastofnunar.

Í bréfi Minjastofnunar Íslands frá 10. Desember 2020 segir:

Með tölvupósti dagsettum 7. Desember 2020 óskaði Reynir Óli Þorsteinsson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni eftir umsögn minjavarðar um framkvæmdir vegna endurbyggingar á Gufudalsvegi frá Gufudalsá til Krakár.

Vegna misskilnings var hluti þess svæðis, þar sem framkvæmdir standa nú yfir, ekki skráð áður en framkvæmdir hófust. Úr því var bætt með því að Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða skráði fornleifar á 6.6. km vegkafla frá Gufudalsá að Kraká í Gufufirði. Niðurstöður skráningarinnar liggja fyrir í skýrslu náttúrustofunnar, *Fornleifaskráning vegna endurbyggingar á Gufudalsvegi frá Gufudalsá til Krakár*, sem gefin var úr á þessu ári. Fyrir liggja tvær aðrar skýrslur náttúrustofunnar um skráningu fornleifa á svæðinu. Annars vegar skýrsla frá 2016, *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*. Og hins vegar skýrsla frá 2005, *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýsla*. Vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðarvegur nr.60.

Í fornleifaskráningunni kemur fram að alls voru skráðar 18 minjar á jörðum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar frá Gufudalsá að Kraká í Gufufirði. Grípa þarf til eftirfarandi mótvægisáðgerða!

Hofstaðir 2552-004 Túngarður (Eldra númer: BA57:020)

Suður af bæjarstæðinu er grjóthlaðinn túngarður. Garðurinn liggur frá þjóðveginum í vesturátt u.þ.b. 40 metra.

Mótvægisáðgerðir: Taka þarf snið í garðinn og teikna það!

Hofstaðir 2552-009 Vegur/Tröð

Gamall upphlaðinn vegur liggur frá þjóðveginum og að bæjarstæðinu.

Mótvægisáðgerðir: Taka þarf snið í veginn og teikna það!

Hofstaðir 2552-010 Varnargarður/Rétt

Fast við þjóðveginum við fjallið má greina garðlag í boga. Er eins og tveir garðar krossist þar

Mótvægisáðgerðir: Taka þarf snið í garðanna og teikna það!

Hofstaðir 2552-011 Býli/Sel/fjánhús (Eldra númer: BA57:008)

Greinilegt er að vegurinn var lagður yfir rústirnar þegar hann var lagður um 1950 en hluti þeirra er greinilegur, allavega ein bygging á gömlum loftmyndum sem teknar eru eftir að vegur var lagður. Ábending kom frá fornleifafræðing sem býr á svæðinu að framkvæmdir væru hafnar þar sem rústirnar eru. Fór fornleifafræðingur Náttúrustofunnar á svæðið. Þarna hafði nokkrum dögum fyrr unnið við ræsi og fyllingar sem hefur aðeins farið yfir hluta af þeim rústum sem ekki fóru undir veginn 1950. Þó má enn greina hluta af rústarhólnum og var hann merktur og afgirtur. Rústin sem sést undan veginum er 6 m á lengd og 6 m á breidd. Hæð hleðslu er um 10-20 cm. Um 4x5 m eru óraskað af rústinni.

Mótvægisáðgerðir: Grafa þarf könnunarskurð í selið til að kanna eðli þess og umfang!

Einnig þarf að merkja eftirfarandi minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir; 2552-002, 2552-003, 2552-012, 2552-013, 2552-014, 2552-016, og 2552-017.

Mikilvægt er að minjar sem skráðar voru árið 2016 við svokallaða Maríutröð [1788-252] [1788-253] [1788-254] verði vel merktar og afgirtar ef efnistaka á að fara fram á námu no:132.⁴

Í bréfi Minjastofnunar Íslands frá 14. janúar 2021 segir:

Með tölvupósti dagsettu 5. janúar 2021 óskaði Reynir Óli Þorsteinsson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni eftir fundi með minjaverði varðandi áætlaðar vegaf framkvæmdir milli Bjarkalundar og Skálaness, þar sem yrði farið yfir mögulega tímalínu fyrir mismunandi áfanga verksins og hvað þarf að gera í tengslum við fornleifarnar áður en framkvæmdir hefjast.

Þær mótvægisáðgerðir sem grípa þarf til eru:

Þórisstaðir 1788-70 Garðlag

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Þórisstaðir 1788-73 Túngarður

Mótvægisáðgerðir: Taka þarf snið í garðinn og teikna hann!

Þórisstaðir 1788-74 Útihús

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Þórisstaðir 1788-75 Gerði

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Hallsteinsnes 1788-115 Garðlag

Mótvægisáðgerðir: Hnika þarf vegi til frá túngarðinum umhverfis Flókavelli og merkja vel!

Hallsteinsnes 1788-135 Garðlag óþekkt

Mótvægisáðgerðir: Taka þarf snið í garðinn og teikna hann!

Hallsteinsnes 1788-184 Vörður

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir.

Ef þörf er á að raska þeim við framkvæmdir verður að taka snið í þær og teikna!

Gróunes 1788-203 Naust

Mótvægisáðgerðir: Rannsaka þarf naustið áður en þar er fjarlæggt!

⁴ Bréf Minjastofnunar Íslands: MÍ202012-0044/6.10/M.A.S.

Gróunes 1788-204 Naust

Mótvægisáðgerðir: Rannsaka þarf naustið áður en þar er fjarlæggt!

Gróunes 1788-206 Garðar

Mótvægisáðgerðir: Hnika þarf vegi til frá görðunum og merkja þá vel!

Gróunes 1788-207 Byrgi/rétt

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Barmur 1788-242 Rúst

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Merkja þarf minjar í og við bæjarstæði Barma svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Að lokum eru 4 minjar sem hætta stafar að vegna námu 132 sem er rétt hjá. Mikil umferð stórra vinnuvéla sem sækja efni í námurnar gætu skaðað minjarnar!

Skálanes 1788-249 Maríutröð/akur

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Skálanes 1788-252 Garðlag

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Skálanes 1788-253 Óþekkt/ býli

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!

Skálanes 1788-254 Rúst

Mótvægisáðgerðir: Þarf að merkja þessar minjar svo þær verði ekki fyrir skaða við framkvæmdir!⁵

2.4 Aðrar almennar upplýsingar

Við rannsóknina störfuðu alls átta fornleifafræðingar. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgrafterstjóri var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin átti í upphafi að standa yfir frá 17. maí til 20. Júní (5 vikur) en á meðan rannsókninni stóð urðu uppgreftir á Eilífsseli á jörðinni Hofstaðir og á nausti 1788-203 á Grónesi stærri sem lengdu verkið. Þar að auki bættust við verk, þannig að rannsóknin stóð yfir frá 17. maí til 30. september (19 vikur). Innan þessa tímaramma stóð yfir fornleifarannsókn á skála sem fannst við rannsóknina á Grónesi (sú rannsókn er að finna í skýrslu *Björgunarrannsókn á skálanum á Grónesi* NV. nr. 12-22⁶).

⁵ Bréf Minjastofnunar Íslands: MÍ202101-0043/6.10/M.A.S.

⁶ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. 2022.

Við rannsóknina yfir sumarið störfuðu alls átta fornleifafræðingar á mismunandi tímum og voru þar;

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi og uppgrafarstjóri.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Uppgrafarstjóri. MSc.

James McGovern. Fornleifafræðingur. MA.

Gunnar Grímsson. Fornleifafræðingur. BA.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. BA.

Hermann Jakob Hjartarson. MA.

Jonathan BATTERY. Fornleifafræðingur. MA.

Kate Fitzpatrick. Fornleifafræðingur. MA.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

2.5.1 Fornleifauppgröftur

Rannsóknin sem hér um ræðir fólst í gerð könnunarskurða og heildaruppgeftri. Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafinn upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem hafa stafað við rannsóknina. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Ef gripir finnast verða þeir skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir verða varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar.

Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/20 og skráðar í teikningaskrá. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS 650 með 18/55 mm linsu og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnu myndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

Notast var við dróna Mavic air 2. 4 k sem notaður var í upphafi og lok hvers dags ef veður leyfði. Hnit voru skráð með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Notast var við litla gröfu við gerð skurða og til að fletta af yfirborði þar sem hægt var að koma gröfu að.

2.5.2 Merkingar á minjum

Minjar voru merktar með girðingastaurum og efsti hluti þeirra málaður með sjálflýsandi appelsínugulu spreymi svo stór tæki sem fara um svæðið sjái vel merkingar. Þar sem ekki var hægt að reka niður girðingastaura voru minjar merktar með litlum viðarstaurum málaðir með rauðu efst og hvítur og rauður borði bundinn við. Vinnumyndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

Lýsingar á minjum sem voru merktar voru fengnar úr skýrslum Náttúrustofu Vestfjarða *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkarlundi að Skálanesi*⁷ og *Fornleifaskráning vegna endurbyggingar á Gufudalsvegi frá Gufudalsá til Krakár*.⁸

2.6 Stærð og umfang uppgrftar

Í verkinu voru alls tveir heildaruppgreftir og voru það á Naustum 1788-203 og 1788-204 á Grónesi. Svæðið yfir nausti 1788-203 var 15 að lengd og 7 m að breidd. Svæðið sem opnað var yfir nausti 1788-204 var 6 m að lengd og 3 m að breidd.

Könnunarskurður var grafinn í tóft sem bar nafnið Eilífssel á Hofsstöðum. Stærð skurðar var í upphafi 12 x 2 m og var svo stækkað yfir selinu (Hús A) um aðra 2 metra. Uppgraftarsvæðið var alls 25.2 m².

Stærð könnunarskurða voru ýmisleg og fór stærð þeirra eftir eðli og umfangi minjanna sem voru kannaðar, en yfirleitt var miðast við 1 m á lengd.

⁷ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016

⁸ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2020

3. ÞÓRISSTAÐIR

3.1 Saga

Þórisstaðir bæjarhóll býli: „1805 eru eyðijarðirnar Þórisstaðir og Krínkilstaðir hafðar til beitar.”⁹. „Þórisstaðir er næstaustasta jörð í Gufudalssveit. Bærinn er í hlíðinni, er hallar austur til Þorskafjarðar. Jörðin dregur nafn af Gull-Þóri, er hér bjó, sbr. Þorskfirðinga sögu. Ekki er svo getið byggðar hér um langan aldur, en 1703 (?) er þetta talið gamalt eyðibýli, sem þó beri greinileg merki um byggð. Síðan er jörðin aftur byggð um miðja 19. öld.”¹⁰. „Þórisstader. Fornt eyðiból hjer í landinu inn frá bænum, þar sem nú er brúkuð selstaða frá Gröf. Þar sjest ljós byggingamerki af tófta og girðíngaleifum, en ekki hefur þar búið verið frá gamalli tíð. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er uppblásið í grasleysumóa. Þar með er heyskapur enginn þar nálægt. Heimajörðin má ekki selhagann án vera.”¹¹



Mynd 1. Minjar í kringum Þórisstaði. Þar sjást túngarður 1788-73, garðlag 1788-70, útihús 1788-74 og rétt 1788-75.

⁹J. Johnsen. 1847: 56

¹⁰Órnefnaskrá Þórisstaða

¹¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1938: 218

3.2 Könnunarskurður í túngarð 1788-73

Túngarðurinn var skráður árið 2015 af Náttúrustofu Vestfjarða og tilheyrir garðurinn bæjarstæðinu á Þórisstöðum í gamla Gufudalshreppi. Túngarðurinn er hlaðinn úr grjóti og er sýnilegur bæði vestan og sunnan megin við bæjarstæðið. Túngarðurinn nær niður fyrir þjóðveg og hverfur svo. Garðurinn liggur í SV-NA, er grjóthlaðinn, mis hár og er oftast um 1 m á breidd. Garðurinn er sjáanlegur á loftmyndum og er svæðið í kringum garðinn mikið grasi gróið.

Grafinn var skurður (1m x 60 cm) þvert á túngarðinn suðvestan megin við árfarveginn. Skurðurinn var handgrafinn niður í náttúrulegan jarðveg og snið skurðarins hreinsuð.




Mynd 2. Túngarður 1788-73.

Efst var yfirborðslag [701], millibrúnn þéttur siltaður jarðvegur með rauðum blæ, smáum steinum og rótum. Þar beint undir var túngarðurinn [702]. Túngarðurinn var hlaðinn steinum sem voru mismunandi að stærð og gerð og voru sumir þeirra svo stórir og þungir að erfitt var að lyfta þeim. Flestir voru þeir sléttir og var fylling [703] á milli þeirra. Fyllingin var eins of yfirborðslagið, millibrúnn jarðvegur með rauðum blæ, smáum steinum og mikið af rótum við steinana. Jarðvegurinn hefur líklega fallið á milli steina og safnast þar saman. Undir garðinum var grábrúnn, leirkenndur, mjúkur og mjög blautur náttúrulegur jarðvegur [704]. Steinar í túngarðinum hafa sokkið niður í náttúrulega jarðveginn þar sem hann var svo mjúkur.

3.2.1 Túlkun

Túngarðurinn hefur verið reistur beint ofan á náttúrulegum jarðvegi þar sem líklega hefur verið grafið niður og því næst fyllt með steinum. Erfitt var að greina hvort að steinar hafi verið lagðir niður á skipulagðan hátt þar sem margir þeirra voru sokknir niður, en hægt var að sjá að stórir steinar hafa verið lagðir suðaustan megin og minni steinar norðvestan megin. Erfitt er að aldursgreina túngarðinn þar sem engin gjóskulög voru að finna við



Mynd 3. Teikning á sniði í túngarð 1788-73 sem snýr í austur.

uppgröftinn en ætla má að garðurinn sé líklega ekki eldri en frá 19.öld. Engir gripir eða kolasmít voru að finna í skurðinum og engin sýni tekin.



Mynd 4. Túngarður 1788-73. Snið snýr í norðaustur.

3.3 Merking á minjum

3.3.1 Garðlag 1788-70

Í túninu rétt neðan við þjóðveginn er garðlag 1788-70 (A: 353049 N: 566451). Garðurinn er um 1 m á breidd og 30 cm á hæð og með öllu ógróinn. Garðurinn er 72 m á lengd. Garðlagið var merkt með girðingastaur við suðaustur enda garðsins þar sem stærsta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.

3.3.2 Útihús 1788-74

Í u.þ.b. 125 m sunnan við bæjarstæð er lítil torfhlaðin ferhyrnd rúst sem stendur austan við garðlag [1788-70]. Rústin er lítill eða um 4 x 2 m að innanmáli. Hæð veggja er 1 m. Ekki er langt síðan rústin var í notkun því inn í henni er fallið þak úr bárujárn.



Mynd 5. Merking á garðlagi 1788-70.

Rústin var merkt með tveimur girðingastaurum við suðaustur hliðina þar sem mesta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 6. Merkingar við útihús 1788-74.

3.3.3 Rétt 1788-75

Í u.þ.b. 350 metra suður af bæjarstæði Þórisstaða er ferhyrnd rétt. Réttin er alveg við enda á syðsta túninu. Rústin er 15 x 10 m að ummáli. Sér vel í grjóthleðslur á langhlið en aðrar hliðar eru grónar. Tvö op eru á réttinni og hugsanlega er annað þeirra vegna hruns. Veggir eru hæstir um 0,7 m. Réttin var merkt með tveimur girðingastaurum við suðaustur hliðina þar sem mesta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 7. Merkingar við rétt 1788-75.

4. GRÖF

4.1 Saga

Fyrstu heimildir um Gröf eru í Þorskfirðingasögu en þar segir; „Þessir menn fóru til Íslands með Hallsteini: Hrómundr, er síðan bjó í Gröf.“¹²

Grafar getur ekki í heimildum næstu aldir. Jörðin er ekki nefnd í máldag Gufudalskirkju frá 1238 og ekki heldur í yngri máldögum hennar. Skýringin er sú að hálfkirkja var í gröf og tíund og tollur því teknir heima.¹³ Í jarðabók Árna og Páls segir: „Hálfkirkja eður bænhús er hjer og messað þá heimamenn gánga til altaris“.¹⁴ 1805 eru eyðijarðirnar Þórisstaðir og Krínkilstaðir hafðar til beitar.¹⁵

¹² Þorskfirðinga saga. 1981: 337.

¹³ Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012: 48.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1938: 217.

¹⁵ J. Johnsen. 1847: 46.

4.2 Fornleifarannsókn á brunn 1788-276


Skógur var höggvinn meðfram veginum frá Gröf suðaustur að sumarbústaðnum í Teigskógi. Við fornleifaskráningu komu í ljós tveir brunnar [1788-276] og [1788-277] og voru þeir báðir staðsettir við veginn. Brunnarnir voru ekki skráðir við fornleifaskráningu Náttúrustofu Vestfjarða árið 2015 þar sem þeir hafa verið ósjáanlegir vegna gróðurs og trjáa sem eru yfir öllu svæðinu.



Mynd 8. Brunnur 1788-276 áður en uppgröftur hófst. Þar sést tjágróðurinn aftan við brunninn og huldi hann yfir brunninn að hluta til.

Brunnur [1788-276] er hlaðinn úr grjóti og var rétt sjáanlegur milli trjáa á svæðinu. Brunnurinn er staðsettur í um 7 m í norðvestur frá veginum. Í fyrstu var talið að þar væri lítil rúst en við frekari rannsóknir kom í ljós að þar væri brunnur. Snið var tekið í brunninn og til austurs við brunninn (3 x 1 m).

Yfirborðslagið [301], sem lá yfir austan við brunninn þar sem haldið að væri hluti af rúst var laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með rauðum blæ og möl. Mikið var af rótum trjáa og gróðurs og var yfirborðslagið um 10 cm þykkt. Undir því var blandaður jarðvegur [304] og var það staðsett efst í brunninum og til hliðar við brunninn. Jarðvegurinn var laus- til millipétt dökkbrúnt silt og möl með rauðum blæ. Lengd lagsins var um 3,1 m, 2 metrar að breidd og 20 cm að þykkt.



Mynd 9. Plan teikning af brunni 1788-276 eftir uppgröft.

Brunnurinn var skorinn niður í náttúrulegan jarðveg [306] sem var milli þétt ljósbrúnt silt og möl með rauðum blæ. Skurður brunnsins [303] var hálfhringur um 2,8 m að lengd, 2 m að breidd og var dýpt innan brunnsins meira en 1 m, en ekki var hægt að grafa dýpra þar sem steinar voru óstöðugir og var hætta á að þeir myndu hrynja. Steinar [302] sem brunnurinn var hlaðinn upp með voru mismunandi


að stærð og gerð, og voru um 30 cm að hæð ofan yfirborðs. Fylling brunnsins [305] var laus dökkbrún silt og mikið af möl og smáum steinum. Þvermál brunnsins var um 45 cm og dýpt var að minnsta kosti 1 m, en ekki var grafið dýpra þar sem steinar voru óstöðugir.



Mynd 10. Brunnur 1788-276 eftir uppgröft. Þar sést niður í brunninn og hvernig steinar eru hlaðnir við vegg brunnins.

4.2.1 Túlkun

Brunnurinn var grafin ofan í náttúrulegan jarðveg og var hlaðinn og styrktur að innan með misstórum steinum. Steinar ofan á brunninum hafa hrunið og fallið inn í brunninn og til hliðar og því haldið í fyrstu að þar væri rúst sem væri yfirgróin að hluta til. Blandaður jarðvegur [304] er líklega raskað lag við hlið brunnsins þar sem vindborið efni hefur blandast við náttúrulegan jarðveg. Það sama á við fyllingu brunnsins [305] en þar er möguleiki á að brunnurinn hefur verið fylltur af ásettu ráði



Mynd 11. Snið teikning af brunni 1788-276 eftir uppgröft.

Erfitt er að aldursgreina brunninn þar sem engin gjóskulög voru að finna við uppgröftinn. Ætla má að brunnurinn tengist búsetu á svæðinu sem var ekki sjáanleg við fornleifaskráningu. Þar sem annar brunnur [1788-277] fannst í um 250 m til norðausturs má leiða líkum að á þessu svæði hafi verið kolagrafir, líkt of fundust í Teigskógi við Hallsteinsnes, og að þessir brunnar tengjast starfsemi sem fylgdi þeim. Engir gripir eða kolasmít voru að finna í skurðinum og engin sýni tekin.



Mynd 12. Brunnur 1788-276 eftir uppgröft.

4.3 Merking á minjum

6.1.1 Fornleifar við gamla bæinn á Gröf

Norðvestan við núverandi sumarbústað á Gröf eru rústir gamla býlisins á gröf. Þar eru staðsettar 7 minjar sem eru nálægt vinnusvæði nýja vegarins. Þar eru heimildir fyrir bæjarhóll [1788-78] þar sem gamli bærinn stóð, bænhús [1788-79], kirkjugarður [1788-80], smiðja [1788-81], hesthús [1788-82] og fjárhús [1788-84]. Þó svo þær minjar séu ekki sjáanlegar á yfirborði er líklegt að minjarnar leynist undir sverði og eru mikið um þúfur á þessu svæði. Gamalt fjárhús [1788-83] sem seinna hefur verið notað sem hesthús er enn sjáanlegt á yfirborði. Svæðið þar sem minjarnar eiga að hafa verið staðsettar var merkt með þremur girðingastaurum við suðaustur hliðina þar sem mesta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 13. Girðingastaurar við hrúnið fjárhús [1788-83] og þar sem minjar [1788-78, 1788-79, 1788-80, 1788-81, 1788-82, 1788-84] eiga að hafa verið staðsettar.

5. HALLSTEINSNES

5.1 Saga

„Hallsteinn, sonr Þórólfs Mostrarskeggs, nam Þorskafjörð ok bjó á Hallsteinsnesi.“¹⁶ „Hallsteini Þórólfsyni þótti lítilmannligt at þiggja land at föður sínum, ok fór hann vestr yfir Breiðafjörð ok nam þar land ok bjó á Hallsteinsnesi.“¹⁷[1238] Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firði. Fra quindis firði. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“¹⁸[1498] Guðmundur Andrésón gefr og geldr Þorbirni Jónssyni til æfinlegrar eignar jarðirnar Kaldbak og Kleifar í Kallaðarnesskirkjusókn.“...a

¹⁶ Landnámabók. 1968: 97.

¹⁷ Eyrbyggja saga. 1968: 8.

¹⁸ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, I. 1856-76: 522

hallsteinsnesi j gufudals kirkjusokn manudaginn næsta fyrir Matheus Messo um haustid..."¹⁹[1506] Stefán biskup í Skálholti úrskurðar skóg þann allan, er Teigskógr er kallaður, millum Grímkelsár og Kleifar, fullkomna og æfinlega eign kirkjunnar á Stað á Reykjanesi."...þa agreining sem er i millvm kirkiunnar a stad a reykjanesi og þeirra sem bua á hallsteinsnesi vm skóg þann er teigskogur er kalladr." Hallsteinsnes Dýrleiki 30 hundruð."1805 er eyðihjáleigan Flókastaðir talin með."²⁰

5.2 Fornleifarannsókn á garðlagi 1788-135

Garðlagið var skráð árið 2015 af Náttúrustofu Vestfjarða og tilheyrir garðurinn bæjarstæðinu á Hallsteinsnesi í gamla Gufudalshreppi. „Litlu vestan við tjörnina (Skipatangatjörn) er klettahjalli með lárétu stuðlabergi og smástalli eða skúta upp undir slútandi brún, heitir Hrafnastallur; þar hefur og hrafn orpið. Nokkru vestar við sjóinn er (blágrýtis-) hamarhjalli eða klettur, og nefnist Háiklettur. Undir honum er garðlag og grasflöt."²¹



Mynd 14. Garðlag 1788-135 á Hallsteinsnesi.

Garðlagið er hlaðið úr torfi og liggur í NV-SA. Garðurinn er ekki hár og er um 28 m að lengd. Á garðinum er brú og virðist þar vera göngugarður yfir blautt svæði. Garðurinn er rétt sjáanlegur á loftmyndum og er svæðið í kringum garðinn mikið blautt og grasi gróið.

Grafinn var skurður (1 x 1 m) þvert á garðlagið suðaustan megin við árfarveginn sem brúin fer yfir. Skurðurinn var handgrafinn niður í náttúrulegan jarðveg og snið skurðarins hreinsuð.

Efst var yfirborðslag **[001]**, þétt dökkbrúnn siltaður jarðvegur með sjávarmöl og rótum. Þar undir var torfhrun **[002]** úr garði. Hrúnið var þétt dökk- til millibrúnt blandað torf og jarðvegur. Hrúnið hefur fallið beggja vegna garðlagsins og var það þykkara suðvestan megin og var um 10 cm þykkt. Norðaustan megin var þykkt hrunsins um 4 cm að þykkt. Torfveggur **[003]** var gerður úr dökk- til millibrúnu torfi með rauðum, dökkgráum og ljósgráum skellum. Veggurinn var um 26 cm hár. Engir steinar voru í garðlaginu í könnunarskurðinum, en hægt var að sjá steina á öðrum stöðum, en virtust þó ekki vera hlaðnir. Undir torfveggnum var blandaður jarðvegur/ gamalt yfirborð **[006]**. Þar er grár

¹⁹ Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, VII. 1903-1907: 409-10

²⁰ J. Johnsen. 1847: 46

²¹ Örnefnaskrá Hallsteinsness.

náttúrulegur jarðvegur blandaður við millibrúnan jarðveg. Líklega er þetta yfirborð sem var á svæðinu þegar garðurinn var reistur og hefur hann verið reistur á þessum jarðveg. Undir gamla yfirborðinu var svo náttúrulegur jarðvegur **[004]**, mjög þéttur og blautur grár siltaður og leirkenndur jarðvegur með smáum steinum.



Mynd 15. Steinahleðsla hluti af garðlagi 1788-135.


Í norðaustur frá könnunarskurðinum og hluti af túngarðinum var steinahleðsla **[005]**. Þar hefur steinum verið hlaðið upp yfir blautt svæði, þ.e. yfir smáa lækjarsprænu og kemur sjórinn ansi hátt þar upp. Í hleðslunni voru misstórir steinar, en neðst voru steinarnir stórir og aðeins minni að ofan. Lengd hleðslunnar var um 3,6 m, breidd var um 1,1 m og um 78 cm að hæð.

5.2.1 Túlkun


Garðlagið hefur verið reist ofan á líklega gömlu yfirborði sem liggur yfir náttúrulegum jarðveg. Garðurinn hefur verið lagður þar sem er mjög blautt svæði og sjór gengur hátt upp á land. Lítil lækjarspræna rennur niður í sjó og er þar steinhlaðin brú eða einhverskonar stífla. Líklegast er þetta áframhald á garðlaginu sem hefur einnig verið nýtt sem göngugarður yfir blautt svæði.

Garðlagið sjálft hefur að mestu verið byggt úr strengjatorfi. Á sumum stöðum sást glitta í grjóti í garðinum, en það hefur líklega ekki verið meðal aðal byggingarefna þar sem enga steina var að finna í skurðinum og líklegt að það hefur einungis verið notað á sumum stöðum og annarstaðar ekki.

Í sniði sem sneri í suðaustur voru að finna viðarleifar og hefur þar verið settur niður girðingastaur í garðlagið. Líklega er þetta nútíma girðingastaur. Erfitt er að aldursgreina garðinn þar sem engin gjóskulög voru að finna á þessu svæði en ætla má að garðurinn sé líklega ekki eldri en frá 19.öld og tengist búsetu á Hallsteinsnesi. Engir gripir eða kolasmit voru að finna í skurðinum og engin sýni tekin.



Mynd 16. Teikning af steinahleðslu á garðlagi 1788-135 þar sem möguleg göngubrú yfir blautt svæði er staðsett.



Mynd 17. Teikningar afsniði í gegnum garðlag 1788-135



Mynd 18. Snið á garðlagi 1788-135, snið snýr í suðaustur.

5.3 Könnunarskurðir og borkjarnar í mögulegar fornleifar

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Þar voru svæði þar sem líklega gætu verið fornleifar mæld inn, borkjarni tekinn þar sem átti við og litlir skurður teknir. Alls voru 3 skurðir grafnir í mögulegar fornleifar og voru þar tvær náttúrulegar þúfur og mögulegur túngarður.

5.3.1 Könnunarskurðir 1 í þúst 1788-293

Tveir litlir skurðir voru grafnir í mögulega rúst (A: 346060 N: 563672) sem var staðsett í um 270 m í norðvestur af Sumarbústaðnum á Hallsteinsnesi. Þar virtist vera einhólfa rúst og virtust veggir vestan megin vera greinilegri en þeir austari. Skurður var grafinn í mögulegan vestur vegg og annar skurður var grafinn í miðju hólfsins. Við uppgröft á fyrri skurðinum í vestur vegg kom í ljós að þar væri ekki torfveggur heldur blandaður náttúrulegur jarðvegur sem hefur myndast vegna hreyfingar á jarðvegi við hitabreytingar og eftir rætur trjáa.




Mynd 19. Könnunarskurðirnir tveir í mögulega rúst. Efri skurðurinn var grafinn í mögulegan vegg og neðri skurðurinn var grafinn í miðju mögulegs hólfs.



Mynd 20. Möguleg rúst sem var hulin gróðri og trjám.

Skurðurinn í gegnum mögulegan vegg var 1 m á lengd, 30 cm breiður og 25 cm djúpur. Í skurðinum var brúnt siltað yfirborð efst [901] og beint þar undir var samfleytt 10 cm þykkur blandaður náttúrulegur jarðvegur [902]. Í fyrstu var talið að þar væri torf en við frekari athuganir var þarna mýrarauði blandað fínni silt og náttúrulegum jarðvegi. Lagið var mjög laust í sér og ekki líkt torfi í áferð. Neðst var náttúrulegt yfirborð sem var rauðbrún smá mól og sandur [903].



Mynd 21. Snið í skurð í mögulegan vegg. Vinstri myndin sýnir suðvestur snið og hægri myndin sýnir norðaustur snið.

Skurðurinn í miðju mögulegs hólfs var 1 m á lengd, 30 cm breiður og 15 cm djúpur. Í skurðinum var brúnt siltað yfirborð efst [901] og þar beint undir 7 cm þykkur blandaður náttúrulegur jarðvegur [902], mýrarauði blandað fínni silt og náttúrulegum jarðvegi. Lagið var mjög laust í sér og ekki líkt torfi í áferð. Neðst var náttúrulegt yfirborð sem var rauðbrún smá mól og sandur [903].



Mynd 22. Snið í miðju mögulegs hólfs. Sniðið snýr í suðvestur.

5.3.2 Könnunarskurður 2 í túngarð 1788-294

Skurður 2 var staðsettur í um 260 m fjarlægð frá sumarbústaðnum á Hallsteinsnesi. Skurðurinn var grafinn í þar sem mögulegur túngarður [1788-294] var á upp blásnu svæði. Við uppgröft á skurðinum kom í ljós mögulegt torflag. Líklega hefur þar verið túngarður byggður úr torfi en hann hefur skemmst að hluta til af náttúrulegum aðstæðum þar sem svæðið er mikið uppblásið.



Mynd 23. Staðsetning prufuskurðar 2.

Grafinn var 40 x 30 cm breiður skurður inn í mögulegan túngarð og var skurðurinn um 30 cm djúpur. Í skurðinum var brúnt siltað yfirborð efst [1001] og þar beint undir 11 cm þykkt mögulegt torf [1002] sem var ljósbrúnt, dökkbrúnt og rautt með linsu af dökkbrúnum sandi. Mögulega er þetta það sama og náttúrulegur jarðvegur [902] líkt og var að finna í Skurði 1 þar sem áferðin var ekki líkt torfi og mjög finn siltaður jarðvegur,



Mynd 24. Snið sem snýr í norður. Þar sést mögulegt torflag [1002].

en lagið var meira lagskipt og ekki eins blandað og lag [902]. Undir mögulegum torfvegg var náttúrulegt yfirborð sem var rauðbrún smá mól og sandur [1003]. Túngarðurinn var skráður þar sem vafi var á hvort að þarna væri torfveggur eða náttúrulegur jarðvegur.

5.3.3 Könnunarskurður 3 og borkjarni 7 í þúst 1788-292

Skurður 3 var grafinn inni í teigskógi á mörkum þar sem skógur hafði verið felldur þ.e. hálfur inni veglínu og hálfur úti. Þar virtist vera þúst en við frekari athuganir var þetta einungis þúfur á blautu svæði/ mýri.

Við fornleifaskráningu var borkjarni tekinn (A: 347841 N: 562624) og virtist vera torf neðst í kjarnanum, líkt og er sjáanlegt á myndinni hér að neðan. Ekki var víst um hvort torf væri að ræða eða mýrarauði þar sem kjarninn sem var tekinn var mjög blautur.



Mynd 25. Þúfa á blautu svæði í Teigskógi.



Mynd 26. Borkjarni tekinn í mögulega þúst.

Ákveðið var að taka lítinn skurð til að kanna eðli þústarinnar. Grafinn var 20 x 30 cm skurður í miðju þar sem virtist vera veggur. Í skurðinum var brúnt siltað yfirborðslag [1101] efst svo kom hreinn grábrúnn siltaður náttúrulegur jarðvegur [1102] og siltaður mýrarauði neðst [1103]. Ekkert torf var sjáanlegt í skurðinum og því var þessi mögulega þúst afskráð.



Mynd 27. Snið í þúst [1788-292] þar sést einungis jarðvegur og siltaður mýrarauði neðst.

5.4 Fornleifarannsókn á kolagröfum í Teigskógi


Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsnesi og inn í Teigskóg komu í ljós fimm kolagrafir [1788-279, 1788-005, 1788-281, 1788-282 og 1788-283]. Voru þær staðsettar neðan við Fögruhlíð í um 150 m vestur af Kleifarnestjörn og um 300 m austur af Hlíðhamarsvík við Grenitrésnes. Aðrar fjórar kolagrafir [1788-284, 1788-285, 1788-286, 1788-287] fundust í um 150 m fjarlægð norðaustan frá hinum fimm kolagröfunum ofan Kleifanestjarnar. Neðan við Föruhlíðakleifar og ofan við Bruna í um 270 m fjarlægð í norðaustur frá kolagröfunum fjórum ofan

við Kleifarnestjörn fannst ein stök kolagröf [1788-288]. Líklega eru fleiri kolagrafir á því svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinsnes landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.“²²

Í örnefnaskrá Hallsteinsnes er örnefni sem vitnar í vinnu með kol, er það örnefnið Kolviðarhjalli og segir þar; „Ferðamannagata hefur alltaf verið kölluð Reiðgötur af fólki í Gröf og Hallsteinsnesi. Þær fylgja hlíðarrótum innan frá Grímkellstaðaá (raunar einnig Gröf) og út að Selkleifum, svo og af og til út alla hlíð að Hallsteinsnesi. Upp af götunni fyrir ofan Fögruhlíðarkleifar er hjalli í brúninni, sem heitir Kolviðarhjalli (segir nafnið sína sögu). Kolviðarhjalli er þéttum skógi vaxinn.“²³

Örnefni þetta er víst staðsett heldur ofar og til austurs frá þeim kolagröfum sem fundust við skráninguna í Teigskógi, en líklega hefur allt þetta svæði verið notað til kolagerðar.



Mynd 28. Skógurinn á Hallsteinsnesi þar sést yfir Þorskafirð til Reykjanesfjalls. Mynd fengin úr Breiðfirðingi bls 111

²² Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.

²³ Örnefnaská Hallsteinsnes.

5.4.1 Borkjarnar í kolagrafir

Alls voru 6 borkjarnar teknir til að staðfesta kolagrafir. Svæðið inni í Teigskógum þar sem kolaholurnar voru staðsettar var mjög þýft, gróður og skógi vaxið og var því oft erfitt að sjá hvort um kolagröf væri að ræða eða náttúrulegar dældir í landslaginu. Allir borkjarnar teknir staðfestu kolagrafir og var því ákveðið að taka enga fleiri borkjarna og skrá allar sjáanlegar dældir sem kolagrafir.

Allir borkjarnarnir voru teknir í miðju líklegrar kolagrafar. Í töflunni hér að neðan eru staðsetningarhnit borkjarnanna. Þrjár borkjarnar voru teknir úr þremur kolagröfum á svæðinu vestan við Kleifanestjörn og þrjár borkjarnar úr þremur kolagröfum ofan við/ norðan Kleifanestjarnar.

5.4.2 Borkjarni 1 í kolagröf 1788-279

Hnit: A: 347884 N: 562630

Borkjarni 1 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-279. Kjarninn var 10 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 3 cm að þykkt og þar beint undir var fylling kolagrafarinnar á um 3-10 cm dýpi. Borkjarninn stoppaði á mól við 10 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárrí mól og smáu kolasmíti. Fylling kolagrafarinnar var milli þétt svört silt, kol og smá mól.



Mynd 29. Borkjarni 1 og staðsetning kolagrafarinnar.

5.4.3 Borkjarni 2 í kolagröf 1788-281

Hnit: A: 347895 N: 562626

Borkjarni 2 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-281. Kjarninn var 15 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 2 cm að þykkt. Þar beint undir var fylling kolagrafarinnar á um 2-15 cm dýpi. Borkjarninn stoppaði á mól á 15 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður

jarðvegur með smárri möl og smáu kolasmiti. Fylling kolagrafarinnar var milli þétt svört silt, kol og smá möl.



Mynd 30. Borkjarni 2 og staðsetning kolagrafarinnar.

5.4.4 Borkjarni 3 í kolagröf 1788-283

Hnit: A: 347915 N: 562627

Borkjarni 3 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-283. Kjarninn var 11 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 8 cm að þykkt. Þar beint undir var fylling kolagrafarinnar á um 8-11 cm dýpi. Borkjarninn stoppaði á möl á 11 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárri möl og smáu kolasmiti. Fylling kolagrafarinnar var milli þétt svört silt, kol og smá möl.



Mynd 31. Borkjarni 3 og staðsetning kolagrafarinnar.

5.4.5 Borkjarni 4 í kolagröf 1788-284

Hnit: A: 348045 N: 562700

Borkjarni 4 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-284. Kjarninn var 6 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 4 cm að þykkt og þar beint undir var fylling kolagrafarinnar á um 4-6 cm dýpi. Borkjarninn stoppaði á mól á 6 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárri mól og smáu kolasmíti. Fylling kolagrafarinnar var milli þétt svört silt, kol og smá mól.



Mynd 32. Borkjarni 4 og staðsetning kolagrafarinnar

5.4.6 Borkjarni 5 í kolagröf 1788-286

Hnit: A: 348076 N: 562691

Borkjarni 5 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-286. Kjarninn var 8 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 2 cm að þykkt og þar beint undir var fylling kolagrafarinnar á um 2-8 cm dýpi. Borkjarninn stoppaði á mól á 8 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárri mól og smáu kolasmíti. Fylling kolagrafarinnar var milli þétt svört silt, kol og smá mól.



Mynd 33. Borkjarni 5 og staðsetning kolagrafarinnar.

5.4.7 Borkjarni 6 í kolagröf 1788-287

Hnit: A: 348096 N: 562696

Borkjarni 6 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-287. Kjarninn var 8 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 5 cm að þykkt. Þar beint undir var fylling kolagrafarinnar á um 5-8 cm dýpi. Borkjarninn stoppaði á mól á 8 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárrí mól og smáu kolasmíti. Fylling kolagrafarinnar var milli þétt svört silt, kol og smá mól.



Mynd 34. Borkjarni 6 og staðsetning kolagrafarinnar.

5.1.1 Borkjarni 8 í kolagröf 1788-288

Hnit: A: 348360 N: 562756

Borkjarni 8 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-288. Kjarninn var um 22 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 10 cm að þykkt. Þar beint undir var fylling kolagrafarinnar á um 10-14 cm dýpi. Undir fyllingu kolagrafar var rauðbrúnn blautur náttúrulegur jarðvegur sem var um 8 cm þykkur. Borkjarninn stoppaði svo á mól á 22 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárrí mól og smáu kolasmíti. Fylling kolagrafarinnar var milli þétt svört silt, kol og smá mól.



Mynd 35. Borkjarni 8 og staðsetning kolagrafar [1788-288]

5.1.2 Fornleifarannsókn á kolagröf 1788-279

Samkvæmt mótvægisáðgerðum að kröfu Minjastofnunar Íslands þegar kolagrafirnar voru skráðar var að rannsaka eðli og umfang einnar kolagrafar. Það er að helmingur kolagrafarinnar væri grafinn í burtu í plani til að kanna lögin og botninn. Kolagröfin var ljósmynduð og snið teiknað. Þar að auki var sýni tekið til aldursgreiningar. Ákveðið var að taka snið í kolagröf [1788-279] þar sem borkjarni 1 var tekinn.

Skurður var grafinn í yfir helmingi kolagrafarinnar (2,6 x 1,5 m). Kolagröfin var um 2,1 x 2 m að stærð á yfirborði og var innanmál hennar um 30 cm neðar en yfirborðið. Yfirborðslagið [401] var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárri möl. Yfirborðslagið liggur yfir kolagröfinni og var um 15 cm þykkt og var mikið af rótum gróðurs og trjáa.



Mynd 36. Kolagröfin sem var rannsökuð er fyrir miðju neðst á myndinni.

Kolagröfin kom í ljós þegar yfirborðslagið var fjarlæggt. Skurður (*cut*) kolagrafarinnar **[406]** var hringlaga með aflíðandi hliðar og íhvolfdan botn. Stærð kolagrafarinnar var um 2,8 m að lengd, 2,23 m að breidd og 35 cm að dýpt. Fylling kolagrafarinnar **[402]** var milli þétt svört að lit, mikið um kolamola og smá mól. Fjögur kolasýni (**S#007**) voru tekin úr þessu lagi til aldursgreiningar. Við vestur endann voru tvö lög sem erfitt var að greina frá fyllingu kolagrafarinnar þar sem þau voru svipuð að lit en höfðu ekki sömu áferð. Efra lagið **[403]**, líklegt útrakningarlag, var milli þétt svart og dökkbrúnt blandað kol og torf. Þykkt lagsins var um 15 cm og var breidd þess 70 cm innan skurðarins. Þar undir var blandað lag **[404]**, laust til milli þétt dökkbrúnt siltað torf með smáum kolamolum og mól. Líklega hefur kolalag **[403]** að ofan litað lagið. Þykkt lagsins var um 10 cm og var breidd þess um 80 cm innan skurðarins. Bæði þessi lög halda áfram út fyrir skurðinn.



Mynd 37. Kolagröfin komin í ljós eftir fjarlægingu yfirborðslags.



Mynd 38. Lög [403] og [404] vestan megin í skurðinum fyrir kolagröfinni. Þar sést dökkt kolaríkt lag [403] undir yfirborði og ofan á blönduðu lagi [404].

Undir kolagröfinni var náttúrulegur yfirborð **[405]** sem kolagröfin hefur verið skorin í. Jarðvegurinn hefur líklegast litast af kolunum að ofan og var laus til milli þéttur dökkbrún og svört siltuð mól með smáum kolasmíti. Lagið var 2.8 m að lengd, 2.23 m að breidd og 15 cm að þykkt. Þar undir var svo óhreyft náttúrulegt yfirborð **[407]** sem var laus til milli þéttur brún siltuð mól með rauðum blæ.



Mynd 39. Snið kolagrafarinnar eftir uppgröft

5.1.3 Túlkun


Áætla má að fleiri kolagrafir séu á svæðinu sem eru ekki sjáanlegar á yfirborði vegna gróðurs og þétts skógarkjarris sem er á svæðinu, enda er skógur nægur til kolagerðar. Kolagrafirnar á svæðinu voru allar svipaðar að stærð og er því líklegt að þær hafi verið gerðar á svipuðum tíma. Þó er ekki hægt að fá um það skorið að þessu sinni hvort þær hafi allar verið gerðar á sama tíma eða hvort árhundruð séu á milli notkunar þeirra.

Borkjarnar voru teknir til að kanna um hvort kolagröf væri að ræða og var sú niðurstaða að allar þær dældir sem voru sjáanlegar á yfirborði voru að vissu kolagrafir. Var því hætt að taka borkjarna í hverja og eina dæld og þær mældar inn og skráðar sem kolagrafir. Kolagrafirnar voru ekki djúpar en sú dýpsta var um 15 cm djúp.

Stærri kolamolar í kolagröfinni hafa verið fjarlægðir þar sem einungis minni kolamolar voru sjáanlegir blandaðir við mól. Lag [405] undir kolagröfinni var líklegast litað af kolunum að ofan. Þar sést ekki greinilegur skurður (*cut*) undir því lagi og virðist þar litur kolanna sigið niður í náttúrulegt blautt yfirborð.

Lögin tvö ([403] og [404]) til vesturs við kolagröfina hafa verið túlkuð sem einhverskonar útrakningarlög þar sem lögin voru blönduð torfi og kolum. Þar sem torf hefur legið ofan á kolagröfinni við gerð kola hefur því verið flett af til hliðar og því blandast við kolin í kolagröfinni.


Með greiningu á kolasýnum úr kolagröfinni er mögulega hægt að aldursgreina gröfina og einnig greina þær viðartegundir sem voru notaðar við kolagerðina. Með rannsókn á kolagröfinni og þær



Mynd 40. Plan teikning á skurði í kolagröf [1788-279].

greiningar sem munu fást úr sýnatökunni er hægt að fá upplýsingar um það samfélag sem vann við kolagerðina.

Svæðið þar sem kolagröfin var staðsett var blautt í sér og voru því kolamolarnir í fyllingunni í misgóðu ástandi. Sum kolamolanna voru heilleg og var reynt að ná sem flestum heilum kolamolum í sýni til greiningar. Þar sem margir kolamolar voru blautir og ekki í eins góðu ástandi getur verið erfitt að greina þau sýni eftir tegund.




Mynd 41. Teikning af kolagröf [1788-279].

5.2 Fornleifarannsókn á rúst 1788-278

Hafist var við gerð slóða frá Hallsteinsnesi yfir Teigskóg að Gröf í ágúst 2021 og kom ábending frá vinnumanni við framkvæmdir að líkleg rúst væri við slóðann. Við komu fornleifafræðinga á staðinn var ljóst að þar væri steinhlaðin rúst, rétt við Krossnestjörn, fast upp við klettana þar. Rústin var ekki skráð árið 2015, þar sem hún hafði líklegast ekki verið sjáanleg á yfirborði. Einnig er rústin ekki sjáanleg á loftmynd þar sem skuggi frá klettunum að ofan skyggir yfir rústina. Rústin er í 580 m sunnan við bæjarstæðið á Hallsteinsnesi.

Í örnefnaskrá Hallsteinsness segir um tjörnina þar sem útihúsið er staðsett við; „Austarlega í Krossnesi er lítill tjörn, sem heitir Litlatjörn, oft kölluð Litla tjörn in Krossnesinu. Á grasgrund á bakkanum stendur stór, nafnlaus klettur. Heldur ofar og utar en Litlatjörn er önnur tjörn í



Mynd 42. Mynd þar sem Krossnestjörnin er merkt inn, þar ofan við tjörnina eru klettur þar sem rústin er staðsett. Rústin er staðsett innan um rauða hringinn. Myndin fengin úr örnefnaskrá á síðunni nafnið.is hér <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/13647>

*Krossnesinu, sem heitir Krossnestjörn. Hún er mun stærri en hin, og fellur sjór í hana.*²⁴ Rústin var skráð á staðnum og snið tekið í einn vegg til að kanna eðli og umfang hans.

Rústin var 4 m að lengd og 2 m að breidd og nokkuð grasi gróin. Veggjahæð var um 40 cm og var op var inn í rústina við norður hlið. Veggir voru hlaðnir úr grjóti á austur og vestur hlið og voru hleðslur um 3-4 lög. Rústin var byggð upp við háan klett á suðurhlið.

Steinar voru fjarlægðir og snið hreinsað til við endann á austur vegg rústarinnar til að kanna eðli og umfang. Efst var yfirborðslag **[1201]**, grasrót og mosi sem hafa gróið ofan á steinana og var einungis smá rauðbrúnn siltaður jarðvegur efst. Þar beint undir voru steinahleðslur eða veggur rústarinnar **[1202]**. Hleðslurnar voru 3.-4. laga og voru þeir hlaðnir ofan á stórt grjót sem hefur líklega fallið úr klettunum að ofan langt áður en húsið var byggt. Steinar í hleðslunni voru misstórir og allir óslípaðir. Undir hleðslunni var mjög stór steinn þar sem hleðslur hafa verið hlaðnar ofan á. Þar undir var náttúrulegt yfirborð **[1203]** sem var rauðbrún smá mól og sandur.



Mynd 43. Rúst 1788-278 við Krossnestjörn á Hallsteinsnesi

²⁴ Örnefnaskrá Hallsteinsnes, bls. 14.

5.2.1 Túlkun

Við fyrstu athugun virtist rústin vera tvíhólfa og væri líklega stekkur. Við athugun á rústinni kom í ljós að þar væri einungis ein hólfa steinhlaðin rúst. Líklega er beitarhús þar sem húsið er fjarri bæ og nálægt sjó, og því líklegt að þar hafi fjörubeit verið nýtt.

Veggurinn hefur verið reistur beint ofan á stóru grjóti sem hefur fallið úr klettunum að ofan. Það sama á við um grjótið sem notað var í hleðslur veggja, mikið er um grjótfall í kringum rústina og hefur ekki verið langt að ná í grjót til að byggja úr. Húsið virðist hafa verið einungis byggt úr grjóti þar sem ekki var að sjá torf á milli steina. Stærri steinar hafa verið lagðir báðum megin við enda veggja og aðeins minni steinar settir á milli. Erfitt er að aldursgreina túngarðinn þar sem engin gjóskulög voru að finna og fundust engir gripir eða kolasmít í skurðinum og engin sýni tekin.



Mynd 44. Snið tekið í austur vegg rústarinnar. Þar sést steinar hlaðnir ofan á stóru grjóti.

5.3 Merking á minjum

5.3.1 Vörður 1788- 184

Í u.þ.b. 490 m suðvestur af bæjarstæðinu á litlum hól. Klappir í miðju lyngrónu svæði. Tvær vörður standa með 4 m millibili. Vörðurnar voru merktar með litlum viðarstaurum málaðir með rauðu og borði bundinn við þar sem ekki var hægt að reka niður girðingastaur upp á klöppinni.



Mynd 45. Vörður 1788-184 á Hallsteinsnesi merktar með litlum staur og borða.

5.3.2 Garðurinn við Flókavelli

Hafist var við gerð slóða frá Hallsteinsnesi yfir Teigskóg að Gröf í ágúst 2021. Á meðan því verki stóð var ákveðið að fornleifafræðingur myndi vera við garðinn og hafa þar með framkvæmdareftirlit við gerð slóðans. Við gerð slóðans var komið niður á mýri og var klöppin mjög stutt undir yfirborðinu.



Mynd 46. Hér eru hjólför vélarinnar sýnileg um 1 m frá garðinum í kringum flókavelli. Bent er á garðinn með rauðri ör.

Við gerð slóðans var vinnuvélin næst minjunum í ca. 7 m frá, þá tók hann lítinn krók og upp á lítinn klapparhól. Annars var vélin alltaf ca. 15-20 m frá túngarðinum. Engar minjar voru sjáanlegar við eftirlitið og ef minjar væru að finna utan garðsins þá gætu þær verið alveg upp við túngarðinn eða austan lækjar, vel frá veglínunni. Fornleifafræðingur á staðnum upplýsti vinnumanni frá hættu við að finna minjar á þessu svæði og var hann mjög passasamur að fara ekki upp að túngarðinum.



Mynd 47. Loftmynd af Flókavöllum og sést þar slóði vinnuvélar taka smá krók upp til norðurs að flókavöllum og þar aftur niður til suðausturs.

Garðlagið í kringum flókavelli var merkt með girðingastaurum við suður hliðina þar sem stærsta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.

6. BARMUR

6.2 Saga

Barmur, dýrleiki 12 hundruð. „Með Þorbirni loka kómu út Styrkár, er hann gaf land í Barmi til móts við Hallstein.“²⁵[1238] Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firði. Fra quindis firði. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“²⁶[1363] Máldagi Ólafskirkju að Stað á Reykjanesi. „Stadur a reykianesi. Olafskirkia ad stad a reykianesi a heimaland allt j barmi oc mulaland j Þorskafirði.“²⁷[1397] Vilchinsbók. „Olafskirkia a stad a Reykianese a heimaland alltt og allt land j Barme og Mulaland j Þorskafirde.“²⁸[1487] Vitnisburður þriggja manna um máldaga kirkjunnar á Stað á Reykjanesi. „...skodat maldaga kirkiunnar a stad a reykianese suo latanda at hvn ætte landet allt j barme j diupafirde jinn ad gliufura...“²⁹


²⁵ Þorskfirðinga saga. 1981: 337

²⁶ Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I. 1856-76: 522

²⁷ Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. III. 1896: 196

²⁸ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. IV. 1897 :156

²⁹ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. VI. 1900-1904: 609.



Mynd 48. Minjar í kringum Barm. Minjar 1788-242 eru ekki innan á þessu korti og eru þær um 1 km suðvestan af bæjarstæði Barms.

6.3 Merking á minjum

6.3.1 Rúst 1788- 242

Farið er í suðurátt frá Barmi. Landslagið á þessu svæði samanstendur af bröttum brekkum upp af fjörunni og síðan taka við aflíðandi brekkur upp að fjallsrótum. Í u.þ.b. kílómetra fjarlægð frá bæjarstæði Barms. Stendur rétt við gamla veginn milli Barms og Hallsteinsness. Ógreinilegar rústir. Rústirnar eru ferkantaðar og erfitt að gera sér grein fyrir hvað þetta hefur verið en líklega einhverskonar rétt eða stekkur. Hugsanlega tvö hólf.

Rústin var merkt með tveimur girðingastaurum við suðaustur hliðina þar sem mesta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 49. Merkingar við rúst [1788-242].

6.3.2 Rúst 1788-301

Rústin er í um 95 metra vestan við götu [1788-300] og er í 20 m austan við skeringar fyrirhugaðs vegs inn í Djúpadal. Líklega er hér stekkur eða beitarhús. Þar eru tvö hólfi og er rústin alls 10 m að lengd og 4,5 m að breidd. Fremra hólfið (A) er hlaðið úr stein og ekkert torf sjáanlegt. Hólfið er opið í norðvestur endann og er opið um 1,5 m að breidd. Lengd hólsins er 5 x 2 m og er veggir um 50 cm breiðir og hæð veggja um 20-50 cm háir. Innra hólfið (B) er um 3 m að lengd og 4,5 m að breidd. Suðvestur hlið hólsins er náttúruleg klöpp og er um 80 cm hátt. Ekkert op er sjáanlegt á milli hólfa og er líklegt að þar hefur verið gengið inn ofan á vegg.

Rústin var merkt með girðingastaur við norðvestur hliðina þar sem mesta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 50. Merking við rúst [1788-301].

6.3.3 Bæjarstæði Barms

Innan um núverandi girðingu á bæjarstæði Barms voru 12 minjar, og voru það; bæjarhóll [1788-216], bæjarstétt [1788- 217], Kúahlaða/hlaða [1788-218], Langhús/ fjárhús [1788-219], Neðrahús/ fjárhús [1788-220], Réttin/ rétt [1788-221], Lambhús/fjárhús [1788-222], gerði [1788-223], kálgarður [1788-224], Brunnhús/ brunnur [1788-231], útihús [1788-238] og útihús [1788-239].

Bæjarstæðið var merkt með sex girðingastaurum við suðaustur hliðina á milli vegs og núverandi girðingar þar sem mesta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 51. Merkingar við austurhlíð bæjarstæðis Barms við veginn.

7. GRÓUNES

7.1 Saga

Dýrleiki 12 hundruð. „Þorbjörn loki hét maðr, sonr Böðmóðs ór Skut. Hann fór til Íslands og nam Djúpafjörð ok Grónes til Gufufjarðar.“³⁰ „Grímkell hét frilluson, er bjó á Grímkelsstöðum út frá Gröf.“³¹ Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firði. Fra quindis firði. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“³²

Í Jarðabók Árna og Páls segir að útgangur sé í skárri lagi en skógur til raftviðar sé fyrir löngu uppeyddur en nóg skógur til kolagerða og eldiviðar. Torfrista og stunga nær enginn nema í túninu. Skelfiskfjara að nokkru gagni.³³

7.2 Fornleifarannsókn á Naustum 1788-203 og 1788-204

Árið 2015 voru tvö naust skráð á sunnanverðu Grónesi. Í örnefnaskrá Gróuness segir; „Út af Litlabergi er Naustahvammur, og þar utanvert er svo Skipatangi, og er þá komið fremst á Gróunesið.“³⁴ Beint í suðurátt um 300 m í suður frá bæjarstæðinu, yst á Gróunesinu sjálfu standa tvö naust þar með 1,5 m millibili. Við skráningu var stærra naustið **[1788-203]** er 10 x 5 m að utanmáli og hleðslur um 40 cm að hæð. Minna naustið **[1788-204]** var 5 x 3 m að utanmáli og voru bæði naustin útfloft og vel gróin.

7.2.1 Naust 1788-203

Allt svæðið yfir naustinu var opnað og var það 15 að lengd og 7 m að breidd. Lítil grafa var fengin til að taka ofan af svæðinu en þar sem byggingin var svo há og mikið af steinum efst var ákveðið að aftyrfa svæðið með handafli svo engar skemmdir yrðu á veggjum byggingarinnar. Yfirborðið **[500]** sem var fjarlæggt var um 17 cm dökkbrún sendin silt með mikið af rótum, smáum steinum og mól. Mjög þykk sina var ofan á og gerði það aftyrfingu erfiða. Við aftyrfingu fundust þrír gripir og voru það eldtinnusteinn (**F#6**), járn naglar (**F#7**) og brýni (**F#18**).

Undir yfirborðinu var heldur einsleitt ljósbrúnt malarkennt blandað torf og jarðvegur **[517]**. Líklega er þetta vindborið eða uppsafnað efni sem hefur safnast saman yfir naustinu eftir að það

³⁰ Landnámabók. 1968: 98

³¹ Þorskfirðinga saga. 1981: 337

³² Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I. 1856-76: 522

³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. VI. 1983:221-222

³⁴ Örnefnaskrá Gróuness.

var í notkun. Lagið var þétt á flestum stöðum en lausast ofan á veggjum. Lagið er vel greinilegt í sniði vestur vegg (Sjá teikningu 1788) og hafa steinar [501] hrunið ofan á og í þetta lag. Þykkt lagsins var mest um 25 cm og í þessu lagi fundust koparþynna (F#8), brýni (F#10) og eldtinnusteinn (F#17).



Mynd 52. Snið sem snýr í vestur í Prufuskurði 1 í vestur vegg.

Fjórir prufuskurðir voru grafnir til að kanna byggingarlag naustsins. Prufuskurður eitt var grafinn í vestur vegg, annar var grafinn í norður vegg, þriðji var grafinn í vestur vegg og fjórði var grafinn til að kanna viðbætur sunnanlega á vesturvegg.



Mynd 53. Staðsetning prufuskurða.

Undir blönduðu lagi [517] var efri torfveggur [506], og var hann þétt ljósbrúnt og appelsínugult strengjatorf með sendni malarlinsum á milli. Þykkt veggjar var um 38 cm og var staðsettur beint ofan á neðri torfvegg [507].

Steinar naustsins [501] ýmist tveggja til þrjú laga bæði að innan og utan. Þó voru á sumum stöðum líkt og að innan á norður hlið og á austur vegg voru 3-4 lög af steinum og á vestur vegg að utan við miðju voru 4-5 lög af steinum. Steinarnir voru mismunandi að stærð og gerð og voru þeir hlaðnir beggja vegna torfveggjarins. Steinar höfðu fallið að innan og utan byggingar og höfðu sumir þeirra hrunið inn á miðju ofan á veggnum. Hæð veggja var um 1 m þar sem hann var hæstur við norður endann og um 30 cm við suður endann.



Mynd 54. Við lok uppgrافتar nausts 1788-203. Þar sjást veggir naustsins og grjóthleðslur í veggjum.

Við vestur og norður veggnaustsins voru stórir ferkantaðir undirstöðusteinar **[508]** og afmarka þeir neðri torfvegginn **[507]** á vestur og norðurhlið hússins. Neðri torfveggur **[507]** var þétt dökkbrúnt, rauðleitt, ljósbrúnt strengjatorf með malarlinsum og smáum steinum neðst. Neðri torfveggur var 47 cm þykkur. Torfhrun úr veggjum **[513]** var þétt blandað dökk og millibrúnt með rauðum blæ. Torfhrunið virðist vega samblanda af eftir og neðri vegg og var ekki hægt að sjá mun þar á milli hruns. Hrunið var 20 cm þykkt og var að finna bæði að innan og utan veggja. Í hruni utan við austur vegg fundust tvö dýrabein **F#3** og **F#5** og brýni **F#4**.

Við miðju naustsins, ofan á vegg og út fyrir veggnaustsins, var lag af skeljum **[516]**. Lagið tengist líklega starfsemi sem hefur farið fram í rústum naustsins, þar sem innan hólfs voru að finna mikið magn af skeljum bláskelja, hörpudiska og kuðunga, og hefur byggingin líklega verið notað til beitingar. Líklega er þetta sami fasi og skeljalög **[505]** og **[503]** hér að neðan.



Mynd 55. Snið sem snýr í suður í gegnum vestur vegg. Þar sjást undirstöðusteinar [508], neðri torfveggur [507], efri torfveggur [506], blandað lag [517] og steinar í byggingu [501].

Naustinu var skipt niður í þrjú hólf til að auðvelda uppgröft en einnig var talið í upphafi, þegar búið var að fjarlægja yfirborðið, að hólfín væru þrjú. Innst, eða nyrst, var Hólf A, í miðju var Hólf B og syðst við op inn í naustið var Hólf C. Þegar á leið við uppgröftinn kom í ljós að þar var einungis eitt hólf og hafði steinahrún verið þar sem hólfaskiptingar voru.



Mynd 56. Við miðju uppgrafar þar sem rauðu örín benda á þar sem talið var að byggingin var hólfaskipt

Hólf A var staðsett innst, nyrst í naustinu. Beint undir yfirborðinu og blönduðu lagi [517] var komið niður á mögulegt eldstæði eða svart lag [510]. Lagið var mjúkt svart silt með skeljum, móösku og kolum. Lagið var fullt af bláskel, kuðungum og hörpudisk allt í smáum pörtum. Mest var af skeljum í vestari hluta hólfsins. Lagið var lagskipt og greinilega skiptist á að brenna kol og móösku. Lagið var 1 m á lengd, 50 cm á breidd og 5-6 cm að



Mynd 57. Mynd tekin í suður átt. Hér sést Hólf A eftir að yfirborðslag og blandað lag [517] voru fjarlægð.

þykkt. Laginu var skipt í tvennt við uppgröft þá sáust tvær móöskulinsur. Stór steinn sem hefur þjónað tilgangi var í eldstæðinu. Áberandi mikið af kuðungi var í kringum steininn. Smá bolli var í steininum og oddur, greinilegt er að steinninn þjónaði tilgangi í eldstæðinu. Steinninn var brenndur á hliðunum en stóð á hreinu milli lagi [518] sem hefur myndast milli eldstæða. Yngri eldurinn gæti hafa haft þennan vegg milli hólfa A og B eftir að naustið var hrunið og notað sem til beitingar. Líklegast er þetta lag sama og lag [503] úr Hólfi B eða úr sama fasa. Í laginu fannst dýrabein **F#29**.



Mynd 58. Eldstæði eða svar lag [510] í Hólfi A grafið í helming. Þar beint undir sést malarlag [518] og steinn með bolla og odd til vinstri við lagið.

Þar undir var malarlag [518] á milli eldstæða. Hreint malarlag sem hefur safnast saman eða verið sett þar af ásettu ráði sem einhverskonar uppfyllingarefni. Steinninn með bollanum og oddinum sat í þessu lagi. Lagið er frekar þétt mól en ekkert torf. Mölin hefur myndast á milli notkunartímabila á byggingunni er nokkuð hrein án gripa og er líklegast sama lag og lag [504] í Hólfi B. Lagið var 1 m á lengd og 50 cm að breidd og breidd- 0.5 m.

Undir mölinni var svo líklegt svart kolalag eða eldstæði [520]. Lítið af skeljum voru sjáanlegar sunnan til í laginu þar sem steinar voru lagðir eða féllu ofan á lag [518] ofan á. Beinaleifar af brenndum beinum og smá móaska voru í laginu. Lag þetta er líklegast það sama og lag [505] í Hólfi B. Þar undir voru lög [515] og [519] sem fjallað er um hér að neðan.



Mynd 59. Svart lag eða eldstæði [520] í Hólfi A.



Mynd 60. Mynd tekin í norður átt. Hér er Hólf B eftir fjarlægingu á yfirborði og blönduðu lagi [517].

Hólf B var í miðju naustsins og var ákveðið grafa helming þess til að sjá lagskiptingu í hólfinu. Undir yfirborðslaginu og blönduðu lagi [517] var milli þétt rauðappelsínugult brennt torf með smáum steinum [502]. Lagið var 61 cm langt, 20 cm breitt og 7 cm þykkt. Í torfinu var stórgripabein (F#1) og virðist sem brennda torfið vera svæðisbundið við þar sem beinið var.



Mynd 61. Brennt torf [502] og stórgripabein F#1

Tveir fasar af skeljalögum [503] og [505] voru að finna innan í Hólfi B. Efra eða yngra skeljalag [503] var beint undir brennda torflaginu og var laust svart, hvítt og fjólublátt samblanda af skeljum og silt. Skeljarnar voru bláskel, hörpudiskur og kuðungur. Svart silt var í og á milli

skeljanna og var það mikið kolasmitað. Lengd lagsins var 2,7 m, breidd var um 2 m og þykkt þess var um 15 cm. Lagið var þykkast í Hólfi B og var líklegast það sama og kolasmitað lag með smá skeljum [510] í Hólfi A, en lagið náði ekki inn í Hólf C þar sem það virðist hafa stoppað á hruni sem virtist skipta í hólf á milli Hólfa B og C.



Mynd 62. Hér sjást efri og neðri skeljalög [503] og [505], vindborið eða náttúruleg uppfylling [404] á milli skeljalagana og neðst er svo [515] þar sem sést í herðablað af stórgrip komið í ljós.

Á milli skeljalaga var möguleg náttúruleg uppfylling [504] af vindbornu efni eða að þar hafi jarðvegur verið fylltur yfir neðra skeljalagið af ásettu ráði. Lagið var 20 cm þykkur milli þéttur ljósbrúnn siltaður jarðvegur með mól. Lagið er svipað og líklega það sama og lag [518] í Hólfi A. Lag þetta stoppar í Hólfi B og heldur ekki áfram til suðurs inn í Hólf C. Í laginu fannst tönn og hausjúpein úr stórgrip F#2.

Neðra eða eldra skeljalag [505] var svipað og efra skeljalagið og var það laust svart, hvítt og fjólublátt samblanda af skeljum og silt. Skeljarnar voru bláskel, hörpudiskur og kuðungur. Svart silt var í og á milli skeljanna og var það mikið kolasmitað. Neðra skeljalagið var líklega það sama og lag [520] í Hólfi A og það sama og [521] í Hólfi C. Lagið náði yfir allt Hólf B og var um 15 cm að þykkt. Líklega voru bæði þessi skeljalög ruslalög frá því að rústin var notuð sem skýli fyrir beitingar.

Undir neðra skeljalagi var 13 cm þykkur milli þéttur ljósbrúnn, appelsínugulur og rauður siltaður sandur [515]. Lagið náði yfir allt Hólf A og B og virðist stoppa undir þar sem hrun virtist skipta í hólf á milli Hólfa B og C. Í laginu fundust þrjú brýni (F#9, F#11, F#12), tvö dýrabein (F#13, F#32), naglar (F#14), eitt stórt herðablað úr stórgrip (F#15) og silfur peningur með tveimur götum í (F#31). Lag þetta liggur yfir tröðkuðu gólf/ yfirborði [519].



Mynd 63. Herðablað úr stórgrip F#15 fundið í lagi [515]. Neðst á myndinni er snið í Hólfi B þar sem efra skeljalag [503], milli lag [504] og neðra skeljalag [505].



Mynd 64. Hólf B grafið í helming eftir fjarlægingu á skeljalagi [505]. Hér sést að búið er að grafa niður lag [515] og traðkað lag [519] og komið niður í náttúrulegt yfirborð.

Lag [519] var 10 cm þykkur milli þéttur dökkbrúnn og rauður siltaður jarðvegur með skellum af brenndu torfi og kolalinsum. Lagið náði yfir allt naustið og endaði við miðju á Hólfi C. Í laginu var mikið um kolasmít og voru þunnar kolalinsur á sumum stöðum, en þó mest í Hólfi B. Í laginu fundust mikið magn af nöglum (F#17, F#24) og eitt brýni (F#26).



Mynd 65. Grafíð niður á traðkað lag [519] sem lá yfir náttúrulegu yfirborði. Þar sjást skellur af brenndu torfi og kolalinsum.



Mynd 66. Mynd tekin í norður átt. Hér sést Hólf C eftir að yfirborð og blandað lag [517] var fjarlæggt.

Hólf C var syðst við op inn í naustið. Undir blönduðu lagi [517] var komið niður á hrun [513] og var mest um það við miðju naustsins eða þar sem talið var vera skipting á rými milli hólfa B og C. Þar undir var þunnt þétt sendið lag [514]. Lagið líkist mjög gjósku en er líklegast fínn sandur þar sem smá skel [505] var blandað við. Lagið var mest um 2 cm þykkt og var einungis sjáanlegt í hólfi C. Sýni S#4 var tekið þar sem um líklega gjósku væri að ræða eða fínn



Mynd 67. Gjóska eða fínn sandur [514] í Hólfi C.

sandur úr inngangi við Hólf C og við miðju á B og C þar sem skilin eru. Líklega lýsi í því þar sem mikil olíulykt var af jarðveginum við uppgröft.



Mynd 68. Smá hluti af skeljalagi [505] undir hruni þar sem virtist vera skipt í hólf. Þar sést rétt undir er traðkað lag [521].

Mjög þétt traðkað kolablandað lag [521] var undir svörtu skeljalagi [505] og gjósku/ sand lagi [514] í Hólfi C einungis við skiptingu Hólfa B og C. Lagið var 7 cm þykkt grænleitt og brúngrátt

sendið silt og mól með mikið af kolasmíti. Í laginu krítarpípa eða bein **F#19**, þrjú naglabrot **F#20**, mögulegur blýbútur **F#28** og hnífur **F#30**. Lag þetta er staðsett þar sem virtist vera gangur var á milli hólfa B og C þar sem veggir hafa hrunið inn að hluta til og húsið notað aftur og það til beitingar. Erfitt var að greina á milli þessa lags og lags **[505]** og því líklegt að þau séu það sama og því líklega áframhald af lagi **[520]** í hólfi A. Lag þetta hefur líklegast ásamt lögum **[505]** og **[520]** verið frá því þegar rústin var notuð til beitingar.

Samhliða og rétt yfir traðkaða laginu til suðurs var torfblandað malarlag **[522]**. Lagið einkenndist af brúnni sendni mól með gulappelsínugulum og grábrúnum skellum af torfi. Lag þetta var einungis sjáanlegt í Hólfi A og var um 12 cm að þykkt. Í laginu fundust tveir bátanaglar **F#21**.

Undir tröðkuðu lagi **[521]** og torfblönduðu malarlagi **[522]** var 10 cm þykkt blandað lag **[519]** sem náði yfir allt Hólf A og B, og að hluta til yfir Hólf C. Milli-þéttur dökkbrúnn og rauður siltaður jarðvegur með brenndu torfi í Hólfi B og við skiptingu á milli Hólfa B og C. Lagið er mikið kolablandað og gæti verið traðkað gólflag.



Mynd 69. Hér sjást lög í Hólfi A. Til vinstri er malarkenndur jarðvegur **[523]**, í miðju er torfblandað malarlag **[522]** og til hægri er traðkað kolablandað lag **[521]**.

Fremst eða syðst í naustinu var malarkenndur jarðvegur [523]. Var það 17 cm þykkt millibrún mól með miklum rótum og smá kolasmíti. Lagið er undir svörtu lagi [525] utan við naustið og virðist vera sjávarmól eða samansafn af jarðvegi eftir að hætt var að nota naustið. Í laginu fundust tveir naglahausar F#22 og 15 naglar F#25

Utan við vegg naustsins við innganginn til suðurs voru fjögur kolasmítuð lög [509], [525] og [526]. Efst undir yfirborðinu var laust malarkennt svart lag [509] með mikið af kolasmíti. Lagið náði aðeins um 1,5 m upp til norðurs meðfram veggjum bæði innan hússins og utan veggja. Lagið náði upp að veggjum og var ansi þunnt, um 4 cm að þykkt. Í laginu fannst naglahaus (F#23) upp við suðaustur vegg innan naustsins.

Skeifulaga- eða bogadreginn skurður (*cut*) [511] var skorinn í lag [509] við vestur vegg sunnan til við op inn í naustið. Lengd skurðarins var um 1,2 m, breidd var 11 cm og dýpt var 4 cm. Ekki vitað hvað þessi bogadregni skurður hafi verið en í



Mynd 70. Skeifulaga skurður [511] utan við vestur vegg

Mynd 70. Skeifulaga skurður [511] utan við vestur vegg
fyllingunni voru líklegir naglar með um 20-30 cm millibili. Líklegt að þar hafi verið viðarbútur og að þetta sé í rauninni ekki skurður heldur blettur eftir bogadregnum viðarbút. Naglarnir voru í mjög slæmu ástandi að ekki var hægt að taka þá sem gripur. Skurðurinn var fylltur með lausri grárri mól blandað við svarta silt og sjávarmól [512].

Undir kolasmítuðu lagi [509] var laust malarlag [524] með litlum steinum og sandi. Lagið var milli- til dökkbrún sjávarmól með smáum kolasmíti frá efri og neðri kolalögum. Mölin var um 3 cm að þykkt og hefur komið upp með sjónum í háflóði. Þar beint undir var þétt svartur kolaríkur siltaður sandur [525]. Kolaríka lagið var 7 cm þykkt og mjög kolaríkt við inngang inn í naustið en fjarar út til austurs og vesturs, og er einungis fremst við innganginn líkt og kolasmítuð lag [509]. Í laginu fannst koparþynna F#27 utan við vestur vegg naustsins. Í lagið er skorin lína [527] í miðju og liggur hún í norður-suður. Þessi lína virðist vera frá því að bátur eða skip hefur verið dreginn inn. Fylling í skurðinum [528] var grábrúnn strandar sandur. Skurðurinn var 2,5 m að lengd, 15 cm að breidd og um 8 cm að dýpt.



Mynd 71. Lína [527] skorin í kolasmitað lag [525].

Malarkenndur jarðvegur [523] var fremst í naustinu, eða syðst í Hólfi C, og náði út fyrir uppgriftarsvæðið. Lagið var undir kolasmituðu lagi [525] og yfir þunnu og lausu kolaríku lagi [526] rétt yfir náttúrulegu yfirborði [529]. Lag [526] var 3 cm þykkt, skellótt og var einungis að finna utan við naustið til suðurs líkt og kolasmituð lög [509] og [525]. Náttúrulegt yfirborð [529] lá undir öllu svæðinu og hefur naustið verið byggt þar ofan á. Náttúrulegi jarðvegurinn var þétt rauðbrún mól með smáum steinum.



Mynd 72. Snið við suður enda uppgriftarsvæðis. Efst er yfirborðslag [500], svo kolasmitað lag [509], næst malarlag [524], svo kolaríkt lag [525], þar á eftir malarkenndur jarðvegur [523], svo næst kolaríkt lag [526] og neðst var náttúrulegt yfirborð [529].

7.2.2 Túlkun

Lega og gerð rústarinnar og nálægð hennar við sjóinn bendir til að hún hafi tengst sjósókn og nær örugglega naust. Ekkert þak hefur verið á naustinu og hefur efniviður líklega verið fenginn úr nánasta nágrenni þar sem mikið er um kletta og berg. Líklega hefur torfið í veggjum einnig verið fengið í nágrenni við naustið þar sem spölkorn í norður og vestur frá naustinu er svæði sem kallast Torfhvammur. Svæðið sem naustin eru staðsett á kallast Skipatangi og segir í örnefnaskrá Grónes; „Út af Litlabergi er Naustahvammur, og þar utanvert er svo Skipatangi, og er þá komið fremst á Grónesið. Næstur Naustahvammi er Torfhvammur.“³⁵

Ljóst er að rústin hefur haft að minnsta kosti tvö notkunarskeið. Við fjarlægingu á hrúni kom í ljós að húsið var upprunalega í raun ekki hólfaskipt. Eftir að hætt var að nota byggingu naustsins hafa rústir byggingarinnar verið notaðar fyrir annarskonar starfsemi. Þykku skeljalögin í Hólfi B og tvö stig eldstæða í Hólfi A sýna fram á að rústin hafi að öllum líkingum verið notuð undir beitingar.

³⁵ Örnefnaskrá Grónes.

Svo virðist sem steinar hafa verið lagðir niður á milli Hólfa A og B og hafa þeir verið lagðir til að skilja af eldstæði þegar rústin var notuð fyrir beitingar. Í Hólfi A hefur líklega verið eldstæði og því fundust minna af skeljum heldur en í Hólfi B. Á myndinni hér að neðan sést eldstæði eða svartlag [510] og svo lög [505] og þar fyrir neðan svart lag með skeljum [509]. Líklegast eru þessi lög sömu lög en einnig getur verið að þetta séu sömu fasar.



Mynd 73. Hér sjást steinar sem hafa verið lagðir til að girða af eldstæði í Hólfi A. Undir þeim sjást svo skeljalög [503] og [505] sem eru í



Mynd 74. Til vinstri: Steinahrún á milli Hólfa B og C þar sem virtist vera hólfaskipt. Til hægri: Steinahrún á milli hólfa A og B þar sem virtist vera hólfaskipt.

Prufuskurður 1 var staðsettur utan við vestur vegg og var 2,15 m að lengd, 1,10 m á lengd og 80 cm að dýpt. Í fyrstu var einungis grafið inn í helming veggjar til að skrá þau lög sem komu í ljós og svo við enda uppgraftar var sniðið lengt og þá í gegnum vegginn til að sjá eðli og umfang veggjarins. Skurðurinn endaði í um 3 m að lengd.




Mynd 75. Prufuskurður 1 í vestur vegg.

Í skurðinum komu í ljós stórir undirstöðu steinar [508] þar sem neðri veggurinn [507] virðist hafa mörk sín við og farið svo yfir steina í veggjum [501] naustsins. Þrjár línur af steinum voru neðst í veggnum á þessari hlið. Ofan við neðri torfvegginn var efri torfveggur. Torfið í efri og neðri vegg voru mismunandi í áferð og lit. Mögulega hefur torfið verið tekið á mismunandi stöðum, en þó hafa þau verið hlaðin á sömu vegg.

Ekki er ljóst hvort að þar hafi verið um að ræða viðbætur seinna með eða hvort þetta hafi verið samtíða verk. Meira var um malarlinsur í neðri torfvegg en þeim efri og er áferð neðri veggjar harðari en í þeim efri.

Mikið hrun, bæði torf og steinahrun, var úr veggnum til vesturs og náði það niður vegginn og umfram uppgraftarsvæðis. Vestan við undirstöðusteina [508] virðist vera einsleitt efni [517] sem lá yfir öllu svæðinu sem hefur safnast saman og varðveitt veggnaustsins. Vestast við enda skurðar voru torfskellur, sem líklega var hrun úr vegg og þar ofan á var skella af skeljalagi [516]. Þessar skeljaskellur voru að finna utan við vegginn og hefur þeim líklega verið fargað þangað út frá miðju við seinna notkunarskeið rústarinnar.



Mynd 76. Snið sem snýr í suður í prufuskurði 1.


Prufuskurður 2 var staðsettur utan við norður vegg og var 2,20 m langur, 1 m breiður og um 60 cm að dýpt. Neðri torfveggurinn [507] virtist meira útflattur á þessu svæði og var það sjáanlegt í sniði. Lína af undirstöðusteinum [508] var sjáanleg við norður enda skurðarins og var mikið um steinahrún frá vegg naustsins [501]. Er það sjáanlegt ofan við steinahrún og upp við vegginn í suður enda skurðarins. Þar virðist hafa safnast saman einsleitur jarðvegur



Mynd 77. Snið sem snýr í norður í prufuskurði 2. Þar sést steinahrún neðst og þar beint að ofan efri veggur [506].

[517] þegar steinar hafa hrunið. Ofan við og í sniði sem snýr í norður er efri veggur [506] sjáanlegur og þar fyrir ofan er uppsafnaður jarðvegur [517].

Veggurinn við norður endann var þykkastur og hefur hann verið um 3 m langur allt í allt. Mögulega voru fjögur lög af steinum undir veggnum við norður endann en erfitt var að greina það, þar sem steinar voru mikið hrundið og erfitt var að greina línur.



Mynd 78. Snið sem snýr í vestur í prufuskurði 2.




Mynd 79. Prufuskurður 2 í plani.

Prufuskurður 3 var staðsettur utan við austur vegg og var 1,10 m að lengd, 1 m að breidd og um 50 cm að dýpt. Veggurinn austan megin var ekki eins hár og mikill eins og veggurinn vestan megin. Líklega hefur vestan áttin verið ríkjandi og getur það útskýrt hversvegna það voru einungis tvær raðir af steinum neðst austan megin. Veggurinn sjálfur var um 40 cm hár og voru einungis tvær raðir af steinahleðslum [501].



Mynd 80. Plan af prufuskurði 3.

Í sniði er efri veggurinn [506] sjáanlegur yfir steinum, þar beint undir og við neðri steinaröð var neðri veggur [507]. Austan við vegginn var mikið blandað torfhrun sem lá yfir náttúrulegu yfirborði og þar fyrir ofan var einsleitur jarðvegur [517].



Mynd 81. Snið sem snýr í suður í prufuskurði 4.


Prufuskurður 4 var staðsettur að innan sunnarlega á vestur vegg og var 1 m að lengd, 80 cm að breidd og um 40 cm djúpur. Skurðurinn var tekin á mörkum þar sem talið var vera viðbætur á vegg fremst við innganginn. Talið var að fremsti einn metrinn á bæði austur og vestur vegg hefði verið bætt við seinna þar sem veggurinn var mikið sokkinn, lítið af steinum og að jarðvegurinn var meira blandaður torfi og mül heldur en og annarsstaðar í byggingunni.



Mynd 82. Prufuskurður 4

Í skurðinum voru steinar í vegg [501] sjáanlegir í miðju veggjar og var ljóst að á allri vestur hlið voru þrjú lög af steinum við botninn á veggnum. Í sniðinu var erfitt að greina hvort þar væri viðbætur þar sem yfir neðri torfvegg [507] sunnan megin í skurðinum var torfið líkast efra

torfvegg [506]. Engin greinileg skil voru við skilin á veggjunum til að benda á þar hafi verið bætt við torfi seinna með.



Mynd 83. Snið sem snýr í austur á þrúfuskurði 4


Veggir naustsins hafa verið háir og hefur þar verið gott skýli fyrir skip. Mögulega hafa veggir á vestur og norður hlið verið endurbættir þar sem vindur er ríkjandi í þær áttir og getur verið að þessi þykki veggur hefur verið til að vernda bygginguna fyrir veðri. Ekkert þak hefur verið yfir naustinu þar sem venjan var að tjalda yfir bátinn þegar hann var í naustinu. Engar stoðarholur og engar leifar þakhruns voru sjáanlegar við uppgröftinn og bendir það til þess að líklegast hefur verið tjaldað yfir til að verja skipið fyrir vonsku veðri og yfir veturinn.

Eldstæðin tvö Hólfi A tengjast að öllum líkindum þegar rústin var notuð undir beitingar. Þar sem eldstæði [510] var í sama fleti og skeljalag [503], og eldstæði [520] var í sama fleti og skeljalag [505]. Í skeljalögum tveimur var mikið um kolasmit og getur það hafa smitast í það frá eldstæðunum í Hólfi A nyrst. Lögin í A-V sniði á milli Hólfa A og B samsvara teikningu á N-S sniði í Hólfi B.

Undir efra eldstæði [510] og yfir neðra eldstæði [520] var hreint malarlag [518]. Undir skeljalagi [503] og yfir skeljalagi [505] var samskonar malarlag [504] eins og var á milli eldstæða. Lögin voru í sama fleti og passar það heim og saman við A-V og N-S þversniðs teikningar. Mölin hefur myndast á milli notkunartímabila rústarinnar og hefur þar safnast saman jarðvegur við náttúrulegar aðstæður eða að þar hefur verið fyllt inn af ásettu ráði.



Mynd 84. A-V þversnið sem snýr í suður á milli Hólfa A og B þar sjást skeljalög blandað við kolasmítað lag



Mynd 85. N-S þversnið sem snýr í vestur og sýnir jarðlög undir lagi [517].

Steinn sem var staðsettur í eldstæði [510] hefur að öllum líkindum haft notagildi innan eldstæðis vegna útlits. Á steininum var bolli í miðju og við endann var oddur. Ekki er hægt að gera grein fyrir því hvað steinninn var notaður fyrir en þó má áætla að hann hafi verið notaður til að brjóta skeljar til að ná kjötinu út skeljunum til beitingar.

Fyrrum var skelfiski þó aðallega safnað í beitu til fiskveiða og var hún mjög takmörkuð til mannelis, einungis var það bundið við harðæri.³⁶ Í þjóðviljanum er rætt um fiskveiðar Ísfirðinga og segir þar að; „Verði nokkru, er menn þekkja, kennt um, að fiskur hefir að miklu leyti brugðist hin síðustu ár hjer við Inndjúpið, en þar er eflaust hinni millu lóðabrukun og skelfisksbeitunum alla ársins tíma. Það eru ekki meir en 15-16 ár, síðan farið var að brúka krækling til beitu hér við Djúp; áður brúkuðu menn fiskbeitu (ljósabeitu), þegar róið var með lóðir; annars vori handfæri þá miklu meir brúkuð en nú gjörist. Á kræklinginn veiðist mest þyrsklingur, þ.e. ungi fiskurinn, og hjer við Djúp gegndi rjett undrun, hve mikið fiskaðist af þessum smáfiski fyrst eptir að tekið var að brúka þessa beitu.“³⁷ Áætla má að þetta hafi átt við sunnan til á Vestfjörðum.



Mynd 86. Rauða örin bendir á steininn sem var við jaðar eldstæðis [510]. Þar sést oddurinn og bollinn.

Í skýrslu Haf- og Vanarannsóknar um kortlagningu kræklinga í norðan- og austanverðum Breiðafirði frá árinu 2020 var greint frá því að mikið magn af kræklingi væri að finna við mynni Þorskafjarðar. Kemur það heim og saman við þann mikla fjölda skelja sem fundust við uppgröftinn og hafa menn líklega ekki þurft að fara langt til að ná í kræklinginn. Líklegt er að kræklingurinn hafi verið nær landi þar sem kræklingurinn var geymdur í malarbornum og þangvöxnum lónum þar sem ekki gætti mikils sjávangangs.³⁸ Við ströndina á Grónesi eru lón og mikið um þang.




Mynd 87. Helstu kræklingafjörur í lok 19. aldar. Þar er sjáanlegt að mikið var um krækling á Vestfjörðum. Mynd fengin úr Íslenzkir sjávarhættir (Lúðvík Kristjánsson. 1985).

³⁶ Valdimar Ingi Gunnarsson, Sigurður Már Einarsson og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2020.

³⁷ Þjóðviljinn. 1886: 10.

³⁸ Lúðvík Kristjánsson. 1985.



Mynd 88. „Kort sem sýnir rannsóknastöðvar. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst, svartur stöð án kræklinga.“³⁹ Örin bendir á mynni Þorskaffjarðar þar sem kræklingur fannst við rannsóknir árið 2020.

Við seinna notkunarskeið rústarinnar virtist vera gangur þar sem hefur verið gengið inn í Hólf B. Undir hruni kom í ljós að einungis var traðkað svart lag [521] blandað skeljalagi [505] vestan megin við steinahrún sem virtist skipta Hólfum B og C. Erfitt var að greina lögin frá hvort öðru þar sem lögin hafa verið mikið tröðkuð. Svart lag og skeljalag var ekki að sjá undir hruni í austurhluta svæðisins.



Mynd 89. Hér sést traðkað lag [521] og skeljalag [505] vestan megin, undir þar sem talið væri skil milli Hólfa B og C.

Líklegt er að í skurði [511] hafi legið boginn viðarbútur með nöglum. Viðurinn hefur ekki varðveist og voru járnþútar sem þar voru í mjög slæmu ástandi og því ekki teknir. Línulaga skurður [527] hefur verið eftir einhverskonar reipi sem hefur líklegast verið tengt trissu eða blökk innst í naustinu og þannig þjónað þeim tilgangi að draga skipið inn. Þar sem stórt skip getur hafa verið geymt þar inni er líklegt að skipverjar hafi þurft auka aðstoð við að koma skipinu undir skýli.

39 Guðrún G. Þórarinsdóttir og Anika Sonjudóttir. 2020: 4.

Við uppgröft á Hólfi C kom upp mikil lýsislykt við fjarlægingu á hruni og þá sérstaklega við uppgröft á fínum sandi/ gjósku [514]. Lyktin hélt áfram við uppgröft á lögum [521], [522] og [523] en sýni S#4 var tekið út lagi [514] þar sem lyktin var mest. Segl skipana voru vafin úr ull og hafa að öllum líkindum verið lýsisborin til að vatnshelda þau.⁴⁰



Mynd 90. Efri tvær myndirnar sýna innanmál þar sem komið var niður á náttúrulegt yfirborð. Steinaröðin að innan til hægri á vestur vegg var fjarlægð til að kanna miðju steinaröð veggisins. Neðri tvær myndirnar sýnir þegar búið er að fjarlægja steinaröðina.


Miðað við stærð naustsins má gera ráð fyrir að þarna hafi verið skipanaust og helst það saman við örnefni staðarins Skipatangi. Stærð naustsins getur gefið til kynna stærð bátsins en þar inni hefur verið pláss fyrir áttæring, tíæring eða jafnvel tólfæring. Meðalstærð skipa að þessari stærð árið 1905 voru að innanmáli 7,25-10,27 m að lengd, og 2,40-1,67 m að breidd.⁴¹ Meðalstærð áttæringa og tíæringa árið 1780 var 9,05-10,37 m að utanmáli og 2,75-3,03 m að breidd.⁴² Stærri bátar gátu

⁴⁰ Lightfoot. 1996.

⁴¹ Lúðvík Kristjánsson. 1982: 107-111.

⁴² Skúli Magnússon. 1935: 68.

sótt lengra en unnt var að gera á litlum bátum⁴³ og gefur það einhverja hugmynd um ferðarmáta, burðarmagn og atvinnuþætti og í samfélaginu á þessum tíma.



Mynd 91. Plan teikning af nausti [1788-203] við lok uppgrافتar.

Við uppgröftinn á naustinu voru tekin 11 sýni, voru það þrjú sýni (**S#1, S#2, S#3**) úr efra eldstæði **[510]**, eitt (**S#11**) úr neðra eldstæði **[520]**, eitt (**S#4**) úr fínum sandi eða gjósku **[514]**, eitt (**S#6**) úr skeljalagi **[503]**, eitt (**F#5**) úr brenndu torfi **[502]**, eitt (**S#7**) úr siltuðum jarðvegi **[504]** undir skeljalagi, eitt (**S#8**) úr jarðvegi undir skeljalagi **[505]** og tvö (**S#9, F#10**) úr mögulegu gólflagi **[519]**. Tafla með lýsingum er að finna í skránni hér neðar.

Gripirnir sem fundust við uppgröftinn á naustinu voru af ýmsum gerðum en þó ekki allir dæmigerðir gripir sem líklegt væri að finna í nausti. Gripir sem hægt var að greina eftir hlutverkum voru 7 brýni (**F#4, F#9, F#10, F#11, F#12, F#18, F#26**); eitt úr yfirborðslagi **[500]**, þrjú úr lagi **[515]**, eitt úr **[513]**, eitt úr lagi **[517]** og eitt úr **[519]**. Einn hnífur (**F#30**) fannst í lagi **[521]**, Mögulegt krítarpípubrot (**F#19**) fannst í lagi **[521]** en líklega er það brot af brenndu beini og silfurpeningur **F#31** sem fannst í lagi **[515]**. Þar að auki fundist gripir sem var ekki hægt að flokka til sérstaks hlutverks og voru það bein, eldtinnusteinar, naglar, koparþynnur og óþekktur blýbútur. Tafla með lýsingum er að finna neðar í skjalinu undir skránni.

Tafla 1. Fjöldi gripa fundnir í nausti 1788-203. Alls voru gefin 32 fundanúmer.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Bein	Bein	8
Brýni	Steinn	7
Eldtinna	Steinn	2

⁴³ Kristján Sveinsson. 1990: 29.

Hnífur	Járn	1
Krítarpípa	Leirker	1
Nagli	Járn	9
Óþekkt	Blý	1
Peningur	Silfur	1
Þynna	Kopar	2

7.2.3 Naust 1788-204

A: 344253 N: 563042

Yfir neðra, eða syðra naustinu, var opnað svæði í kringum naustið, en þar sást í steina upp úr yfirborðinu. Svæðið sem opnað var yfir naustinu var 6 m að lengd og 3 m að breidd. Efst var yfirborðslag [601], dökkbrún sendin silt með mikið af rótum, smáum steinum og sjávarmöl. Steinhleðsla [602] sást vel í gegnum yfirborðið og voru steinarnir allir svipaðir að stærð og var hleðslan einföld á sumum stöðum.



Mynd 92. Naust 1788-204.

Innan í naustinu var um 10 cm þykkt malarlag [603] sem fyllti naustið og utan við steina naustsins var einnig mikið um möl [604]. Líklegt er að þessi möl hafi komið til við náttúrulegar aðstæður,

þ.e. við flóð. Innan í naustinu virðist sem að jarðvegurinn hefur verið grafinn út til að koma báti inn þar sem kola- og malarlög voru að finna undir þeim.

Undir mölinni að utan og steinunum að innan var svart og dökkbrúnt kolasmítað lag [605]. Lagið var malarkennt og siltað og um 3 cm að þykkt. Lagið hefur verið grafið út innan naustsins. Þar undir var hrein mól [606] sem virðist hafa safnast upp áður en naustið var byggt. Undir hreinu mölinni var annað svart kolalag [607]. Svo virðist sem mölin hefur litast af kolunum sem var í jarðveginum. Neðst innan í naustinu var náttúrulegt yfirborð [608] sem var sjávarmöl og sandur.



Mynd 93. Svart kolasmítað lag [605] lá yfir svæðinu utan við naustið.

7.2.4 Túlkun

Neðra naustið hefur verið hlaðið eftir að naust [1788-203] var komið úr notkun því erfitt hefur verið að draga inn skip í efra naustið þar sem þetta naust er í um 4 m frá inngagni inn í efra naustið. Mögulegt er að steinar hafa verið fengnir úr syðstu endum austur og vestur veggja í nausti [1788-203] þar sem einungis var ein röð af steinum og var jarðvegurinn blandaður ofan á veggjum eins og er greint frá hér að ofan. Lega rústarinnar við sjóinn bendir til að hún tengist sjósókn og hefur þar verið geymdur bátur. Til eru þekkt dæmi um að naust voru grafinn inn í sjávarbakkann⁴⁴ og er þetta naust svipað þeim naustum.



Mynd 94. Plan teikning af nausti [1788-204].

⁴⁴ Lúðvík Kristjánsson 1983:75



Mynd 95. Naust 1788-204, horft inn í naustið.

Naustið er heldur einfalt að gerð og var einungis ein röð af steinum sem hafa verið lagðar niður og svo grafið úr miðju. Ekkert torf var sjáanlegt í veggjum naustsins eins og í naustinu að ofan og er því greinilega mismunandi byggingarlög á þeim. Naustið var að mestum hluta var grafið niður í jörðina og stóðu veggirnir bara lítið eitt upp úr jörðinni

Svörtu lögin sem voru að sjá utan við naustið eru sömu lög og voru að finna utan nausts **[1788-203]**. Það er að lag **[509]** virðist vera það sama og lag **[605]** og að neðri kolalag sé það sama og lag **[525]**. Ljóst er að svörtu lögin utan við byggingarnar tengjast einhveerskonar starfsemi tent bruna og hefur það legið yfir svæðinu. Engir gripir fundust við uppgröftinn á naustinu og engin sýni voru tekin.

7.3 Merking á minjum

7.3.1 Matjurtargarður 1788- 206


„Neðan undir túninu á Gróunesi er grasigróið svæði, nefnt Garðar. Er nafnið dregið af mörgum garðlögum, er þar voru í hvamminum, t.d. þrír garðar í hvamminum næst við tangann. Víða sjást

þessar gömlu hleðslur. Guðmundur Jónsson heyrði þetta nefnt Þrælavirki, og fylgdi því sú skýring, að húsbændur hafi látið þræla sína hafa land til ræktunar og skildu þeir eiga afraksturinn."⁴⁵

Þetta er þó líklega ekki þrælavirkið en það er aðeins ofnar á túninu.

Minjar þessar eru all sérstakar, garðarnir standa í skjólsælum hvammi mót suðri neðan við túnið á Gróunesi (A: 344183 N: 563121). Þeir eru þrjú nokkuð stór hólf og er innangengt í tvö þeirra. Veggir eru grónir og töluvert háir eða um 1,20 m. Þetta virðast vera einhverskonar ræktunargarðar miðað við staðsetningu. Garðarnir gætu auðvitað verið fornir korngarðar en líklega er að þetta sú yngri minjar. Garðarnir eru 27 m á breidd og 14 m á lengd.

Matjurtargarðurinn var merktur með þremur girðingastaurum við suður og austur hliðina þar sem stærsta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 96. Matjurtagarðar á Grónesi.

⁴⁵ Örnefnaskrá Gróuness.



Mynd 97. Þrælavirki 1788-206 á Grónesi með merkingar

7.3.2 Byrgi/rétt/sláturhús 1788-207

Niður við sjó vestur af túni Gróunes er hlaðið byrgi eða rétt (A: 344056 N: 563204). Byrgið er hlaðið úr grjóti og stendur upp við klett sem myndar eina hlið þess. Byrgið er 4 m á lengd og 2 m á breidd og eru veggir um 1m á hæð.

Rústin var merkt með tveimur girðingastaurum við norðvestur hliðina þar sem stærsta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 98. Byrgi/ rétt/ sláturhús 1788-207

7.3.3 Nátthagi 1788-209 og Garðlag 1788-210

A: 344295 N: 563540

„Upp af túni var brekkan kölluð Bólbrekka. En austan við brekkuna Byrgisklettur, og niður af þeim var Byrgið sem þeir drógu nafn sitt af.“⁴⁶ Neðan við klettana er hlaðinn rétt. Inn af henni er hólf sem líka er hlaðið. Er líklegt að þarna sé um að ræða nátthaga eða kvíar. Stærð réttarinnar eða nátthagans er 43 m á lengd og 23 m á breidd frá klettunum sem mynda eina langhliðina. Litla réttin sem byggð er við klettana innan þeirrar stóru er 4x2 m.

Við hliðina á réttinni sem stendur við Byrgiskletta er grjóthlaðið garðlag (A: 344265 N: 563505). Garðurinn liggur austur af veginum sem liggur niður Gróunesið. Garðurinn er grjóthlaðin og sér vel í hleðslur, er líklega til að króa af fé sem hefur verið að koma meðfram fjallinu og verið að fara með í nátthagann eða réttina.

⁴⁶ Örnefnaskrá Gróuness.

Hleðslur nátthagans og byrgisins voru merktar með tveimur girðingastaurum við vestur hlið og með þremur staurum á suður hlið þar sem stærsta hættan er við raski við framkvæmdir fyrir nýja veginum.



Mynd 99. Merkingar á minjum við Nátthaga 1788-209 og Garðlag 1788-210 á Grónesi.

8. BREKKA

8.1 Saga Brekku

Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdiwnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu Boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“⁴⁷ [1397] Vilchinsbók. „Kirkia j Gufudaler helgud Gudi oc worri frv. Og hinum helga krossi. Hun á allt heimaland oc Hofstadi med ollumm gognum oggiædum. Skog æ Melanesi med Hofstodum og allann skog fra Geithusgile og vpp ad Miallgile. Manadarbeit iBrekkuLand.“⁴⁸ [1491-1518] Máldagi Gufudalskirkju. „*Item a kirkian þessar jardir. Brecku, Midhus og kvvindisfiaurd.“⁴⁹

8.2 Borkjarnar í fornleifar

8.2.1 Borkjarni 9 í stekk/beitarhús 1788-325

Hnit: A: 344122 N: 565195

Borkjarni 9 var tekinn í miðjum stekk eða beitarhúsi 1788-325. Kjarninn var um 27 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 19 cm að þykkt. Þar beint undir var torflag sem var á 19-23 cm dýpt. Undir torflaginu var torflag blandað kolaflögum. Borkjarninn stoppaði svo á hörðum jarðvegi á 27 cm dýpt. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárri möl. Torflagið var rauðbrúnt siltað torf og blandaða torflagið undir torfinu var millibrúnt með rauðum skellum, vindbornu kolasmíti og smárra möl.



Mynd 100. Borkjarni 9 tekinn í stekk eða beitarhús [1788-325].

8.2.2 Borkjarni 10 í jarðhýsi 1788-332

Hnit: A: 344167 N: 565253

⁴⁷ Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn. I. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13:522.

⁴⁸ Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn. IV., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1923-32 :153

⁴⁹ Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn. VII., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-13. Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn. VI., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1903-1907:77-78

Borkjarni 9 var tekinn í miðju jarðhýsi 1788-332. Kjarninn var um 18 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 7 cm að þykkt. Þar beint undir var kolasmitað lag, líklegt gólflag í jarðhýsi, sem var á 7-15 cm dýpi. Undir þessu líklega gólflagi var náttúruleg rauðbrún möl sem var um 3 cm þar til borkjarninn stoppaði á mól á 18 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárri mól og smáu kolasmiti. Gólflagið var mjög kolasmitað, en ekki voru að sjá brennd bein þar inn á milli.



Mynd 101. Borkjarni 10 tekinn í jarðhýsi [1788-332]

8.2.3 Borkjarni 11 í skála 1788-331

Hnit: A: 344183 N: 565256

Borkjarni 11 var tekinn í miðjum skála 1788-331. Kjarninn var um 25 cm að lengd og var yfirborð og grasrót um 10 cm að þykkt. Þar beint undir var líklegt torfhrun sem var á 10-15 cm dýpi. Undir torfhruninu kom svo kolasmitað torf með kolalinsu í. Lagið var millirauðbrúnt torf með kolasmiti og var á 15-21 cm dýpi. Þar beint undir var svo 4 cm þykkt gólflag skálans. Þar var að finna mjög dæmigert gólf í miðaldaskála sem var svart siltað og feitt kolasmitað lag með brenndum beinum. Borkjarninn stoppaði svo á hörðum náttúrulegum jarðvegi á 25 cm dýpi. Yfirborðið var laus til milli laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með smárri mól og smáu kolasmiti.



Mynd 102. Borkjarni 11 tekinn í skála [1788-331].

9. HOFSTADIR

9.1 Saga

Árið 1397 segir í Vilchinsbók. "Kirkia j Gufudal er helgud Gudi oc worri frv. Og hinum helga krossi. Hun á allt heimaland oc Hofstadi med ollumm gognum og giædum. Skog æ Melanesi med Hofstodum og allann skog fra Geithusgile og vpp ad Miallgile. Manadarbeit i Brekkuland." [1491-1518]⁵⁰ Máldagi Gufudalskirkju. "Kyrkia j gufudal a allt heimaland oc hofstade med ollum gognum oc giædum. Skog a melanese med hofstodum og allann skog fra geithusgile og upp ad miallgile."⁵¹ [1710] "Hofstder. Hjáleiga af staðnum, byggð í úthögum fyrir manna minni."⁵² Árið 1918 er stærð túns: 1.8 ha. Kálg. 360 fermetrar.⁵³

9.2 Fornleifarannsókn á Eilífsseli 2552-011

Í örnefnaskrá Hofstaða segir; „Nú höldum við inn (norður) hlíðina frá landamerkjum Hofstaða og Skálaness, og höfum nú svæðið frá bakkabrún að þjóðvegi, en hann liggur fram með hlíðarrótum. Skammt frá þjóðvegi og landamerkjum eru fornar tóftir, er nefnast Eyleifssel (Eilífssel, sumir nefna svo, held þó, að hér sé um latmælsku að ræða). Eru tóftir þessar mjög greinilegar og sjáanlega um fjárhús að ræða.“⁵⁴

Í ævisögu Hallbjörns Oddsonar segir „Fyrir neðan Flárnar er Eileifssel, gamalt eyðibýli, sem á að hafa farið í auðn í Svartadauða. Tún hefir verið þar talsvert, og eru bæjartóftirnar yst á því, að mestu sokknar í jörð, en sjást þó vel.“⁵⁵ Heimildir greina frá því að þarna hafi verið bæjarstæði sem hafi farið í eyði í Stórubólu en líklegt er að það hafi síðar verið nýtt sem sel og þannig hafi seljanafnið bæst við. Túnið í kring er grasgefið.

⁵⁰ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. VII. 1903-1907: 153

⁵¹ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. VIII. 1909-1907: 77

⁵² Jarðabók Árnar Magnússonar og Páls Vítalín VI. 1938: 225

⁵³ Túnakort Hofstaða

⁵⁴ Örnefnaskrá Hofstaða

⁵⁵ Hallbjörn Edvarð Oddsson. 1957: 149.

Greinilegt er að vegurinn var lagður yfir rústirnar þegar hann var lagður um 1950 en hluti þeirra er greinilegur, allavega ein bygging á gömlum loftmyndum sem teknar eru eftir að vegur var lagður. Eilífssel var skráð af Náttúrustofu Vestfjarða í Nóvember 2020 en þá höfðu framkvæmdir verið hafnar á svæðinu þar sem unnið var við ræsi og fyllingar sem hafði aðeins farið yfir hluta af þeim rústum sem ekki fóru undir veginn 1950.



Mynd 103. Rústarhóllinn þar sem Eilífssel er staðsett. Þar sést greinilega Hús A en Hús B er lítt sýnilegra sunnan við hólinn.

Þó mátti enn greina hluta af rústahólnum og var hann merktur og afgirtur. Rústin sem þá sást undan veginum var 6 m á lengd og 6 m á breidd og voru 4 x 5 m af rústinni óraskað. Hæð hleðslu var um 10-20 cm.

Við rannsóknir á rústinni sem hófust í maí 2021 virtist önnur rúst vera fast upp við rústarhólinn til suðurs og var því ákveðið að opna stærra svæði til rannsóknar. Grafinn var skurður (12 x 2 m) sem náði út fyrir vegg byggingarinnar, niður hólinn og yfir rústina til suðurs. Við aftyrfingu kom í ljós að þar væri önnur bygging og var því rústunum gefið heitin Hús A (Eilífssel) og Hús B (rústin til suðurs).



Mynd 104. Hér eru húsin við á Eilífsseli við miðjan uppgröft. Hús B er til vinstri og hús A til hægri.

9.2.1 Hús A- Eilífssel

Grafinn var 5,5 x 2 m langur skurður yfir rústarhólnum þar sem Eilífssel er staðsett. Grafa var fengin til að hjálpa við að ná yfirborðinu af. Mikið af steinum voru í yfirborðinu og því var ákveðið að aftyrfa með stunguspöðum svo grafan myndi ekki eyðileggja rústina að ofan. Skurðurinn var handgrafinn í plani þar sem einingar (*e. context*) voru skráðar og teiknaðar. Við rannsóknina kom í ljós að einungis voru veggir sjáanlegir í skurðinum og því ákveðið að stækka svæðið til vesturs um 2 m upp að vegi þar sem rústin hafði verið röskuð við gerð vegar árið 1950. Með því stækkaði uppgraftarsvæðið og var alls 5,5 x 4 m (22 m²) að stærð yfir Húsi A.

Efst var yfirborðslag **[101]**, þéttur dökkbrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og smáum steinum um 15 cm þykkt. Mikið af sinu lá yfir rústinni og var erfitt að komast í gegnum hana. Undir yfirborðslaginu voru veggir rústarinnar **[103]**, voru þeir hlaðnir úr strengjatorfi og voru steinar **[104]** sitthvoru megin við torfið. Veggirnir voru um 30 cm háir að utan þar sem eitt til tvö lög voru af steinum. Að innan var veggurinn um 1 m háir þar sem húsið hafði verið grafið niður og voru 4-5 lög af steinum. Breidd veggja var um 1 m suðvestan megin, en norðaustan megin hefur veggurinn verið raskaður af Húsi B til suðurs. Torfið var dökkbrúnt, ljósbrúnt, rautt og fjólublátt að lit og var það byggt ofan á náttúrulegri mól. Steinar í veggjum voru allir svipaðir að stærð og hafa verið fengnir úr hlíðinni ofan við húsið. Í veggnum fannst járn nagli (**F#13**).

Hrun úr veggjum **[102]** lá yfir veggjunum og var það að finna bæði að innan og utan hússins. Hrunið var þétt ljósbrúnt með rauðum og dökkum skellum og mól. Hrunið var svipað og veggjatorfið og var erfitt að greina á milli veggjar og hruns á sumum stöðum. Hrunið var um 40 cm þykkt þar sem það var þykkast inni í húsinu. Í hruninu fundust vasahnífur (**F#1**), járnþútur með óþekkt hlutverk (**F#2**), einkennilegur steinn (**F#3**) og járn skæri **F#16**. Sýni var tekið af dýratönn (**S#006**).

Utan við bygginguna var skriða **[105]** (eða rask við byggingu vegar árið 1950) efst og hafði hún fallið yfir bygginguna ofan frá fjallinu til vesturs. Skriðan var þétt til laus dökk- og millibrún mól með nokkru kolasmíti neðst og hefur stoppað við vegg norðaustan megin og náði aðeins upp á hann. Skriðan var um 30 cm þykk og lá yfir gömlu yfirborði **[115]**. Í laginu fannst koparþynna (**F#14**). Líklegt gamalt traðkað yfirborð **[115]** var sjáanlegt norðaustan og suðaustan utan við vegg Húss A. Þar var þétt dökkbrúnt torf með kola smíti og smáum steinum. Lagið var um 5 cm þykkt og XX m langt, og XX m breitt. Undir því var náttúrulegur jarðvegur **[118]**, þétt ljósbrúnt silt og mól með mikið af smáum steinum.

Innan byggingar undir hruni [102] var hrun úr þaki og vegg [106]. Þétt torf sem liggur yfir stein hruni [119] og steinum í vegg [104] inni í byggingu. Strengir í torfinu eru rauður, millibrúnir og ljósbrúnir. Þykkt lagsins var um 35 cm. Undir hruninu var lag [107], sem var þéttur millibrúnn finn sandur efst og þétt torf og sandur neðst.



Mynd 105. Mynd tekin innan í Húsi A eftir fjarlægingu á hruni [102] og [106]. Komin niður á lag [107] og steinahrún [119].

Lagið var um 12 cm þykkt og í því

fannst brýni (F#10). Í laginu var mikið af kolasmíti og litlum steinum. Líklega er þetta lag samblanda af vindbornu efni og torfi eftir að húsið var í notkun og áður en þakið féll.

Undir lagi [107] virðist sem helmingur hússins til suðvesturs hafi verið grafinn niður þar sem mannvistarlög voru, en norðaustan megin undir [107] var einungis uppfyllingarefni [110] og beint þar undir er náttúrulegur jarðvegur [118]. Uppfyllingarefni [110] var um 16 cm þykkt og var laus en erfið brúnleit mól blönduð jarðvegi, oddhvössum steinum og smá kolasmíti. Lagið liggur að hluta til yfir gólflagi [112] og náttúrulegum jarðvegi [118].

Undir lagi [107] suðaustan megin var móöskulag [108] og gólflag [109]. Móöskulagið var staðsett í norðvestur horni í Húsi A og hefur þar líklega verið eldstæði nálægt. Móaskan var mjög þétt bleik/ appelsínugul að lit með mikið af kolaflögum og um 4 cm þykk. Sýni S#002 var tekið úr þessu lagi til aldursgreiningar. Móaskan var samhliða svörtu gólflagi [109]. Gólflagið var svart þétt og feitt silt með



Mynd 106. Móaska [108] samhliða gólflagi [109].

mikið af kolaflögum og smá mól. Gólflagið er yngsta gólflag hússins og var um 7 cm að þykkt. Í gólfinu fannst járn öngull (F#18). Undir gólfinu var lag [111], þéttur og þunnur (um 3 cm þykkur)

dökkbrúnn siltaður jarðvegur á milli gólfa [109] og [112]. Mikið var um kolasmít í laginu og er líklegt að þetta lag hafi komið til eftir að húsið var í notkun frá gólflagi [112] og því mögulegt uppfyllingarefni milli notkunarsteiða.



Mynd 107. Gólflag [109] og móaska [108] sem er staðsett í vinstri horni hússins.

Gólflag [112] var mjög þétt og þykkt (mest um 10 cm þykkt) svart/ dökkbrúnt siltað gólflag með mikið af kolamolum og smáum brenndum beinum. Sýni S#003 var tekið og í laginu fundust krítarpípa (F#11), krítarpípa (F#12) og járn nagli (F#17). Þar undir var mól [113] og líklegt uppfyllingarefni svipað og [110]. Mölin var laus en erfið til uppgrftar með dökkbrúnum sendum og siltuðum jarðveg og steinum blandað við. Smá kolasmít var í mölinni og var þykkt þess um 13 cm.



Mynd 108. Gólflag [112] nær yfir innanmál hússins.

Ójafnt lag af þéttu torfi með miklu kolasmíti og lausri möl [114] var undir uppfyllingarefni [113]. Mögulegt er að þetta lag tengist elsta notkunarskeiði hússins þar sem lagið líkist hruni úr þaki og veggjum. Lagið er grátt, rautt, dökk- og millibrúnt að lit og var um 11 cm þykkt. Í laginu fannst járnþútur með óþekkt hlutverk (F#6) og steinkola (F#7). Undir þessu lagi var 10 cm þykkt líklegt vindborið efni af lausri dökkbrúnni mól og sendnum jarðveg [116]. Gólflag [117] er elsta gólflag hússins og lá það beint ofan á náttúrulegum jarðvegi [118]. Gólflagið var mjög þunnt, eða um 2 cm þykkt, svart og grátt silt með kolum, ösku og brenndum beinum og var einungis í suðvestur enda hússins.



Mynd 109. Gólflag [117] sést hér hægra megin á myndinni.

9.2.2 Túlkun

Heimildir greina frá því að þarna hafi verið bæjarstæði sem hafi farið í eyði í Stórubólu en líklegt er að það hafi síðar verið nýtt sem sel og þannig hafi seljanafnið bæst við. Ljóst er að húsið hefur verið notað yfir að minnsta kosti þrjú notkunarskeið þar sem þrjú greinileg góflög voru að finna. Svo virðist sem að sömu veggir hafa verið notaðir og er líklegt að veggir hafa verið lagfærðir og steinum bætt við.




Mynd 110. Innanmál í húsi A. Sést þar snið innan hússins og veggir.

Engar stoðarholur voru sjáanlegar við uppgröftinn þar sem einungis hluti hússins var rannsakaður. Þar sem húsið virðist vera grafið niður er líklegt að þakið hafi setið ofan á veggjum hússins. Líklega var húsið mikið stærra til norðvesturs en við gerð vegar árið 1950 hefur stærstur hluti hússins eyðilagst.

Lag [110] innan Húss A líktist mjög skriðu [105] en ekki var hægt að sjá tengingu þar á milli þar sem veggurinn var á milli. Möguleiki er á því að skriðan hafi komist þar inn í hús yfir vegginn og hefur húsið hrunið þar eftir að innan.

Gólfslag [112] hefur líklega verið lengsta notkunarskeið hússins þar sem lagið var þykkast var það um 10 cm þykkt. Þó svo erfitt sé að segja til um það út frá þykkt gólfslags en þó má álykta að svo sé. Ekkert eldstæði fannst við uppgröftinn en miðað við móöskulag [108] og þau svörtu gólfög ([109], [112] og [117]) með brenndum beinum og ösku í má álykta að þar nálægt hafi verið eldstæði.



2021-23
SE Facing section of Hús A Eilífssel
15. Júní 2021. KSR. Scale 1:10

Mynd 111. Snið sem snýr í suðaustur á Húsi A, Eilífssel. Þar sjást gólflogin þrjú í svörtum lit [109, 112 og 117]

Í suðaustur enda við vegg virðist vera þrep eða einhverskonar bekkur. Innanmál hússins hefur verið grafið niður þar sem þrep þetta er náttúrulegur jarðvegur og mannvistin náði niður fyrir það. Þrepið sést vel á mynd 112 hér að neðan.



Mynd 112. Innan Húss A, komið niður í náttúrulegan jarðveg.

Tveir profuskurðir voru grafnir á svæðinu til að rannsaka eðli og umfang hússins. Profuskurður 1 var grafinn utan við Hús A niður hólinn til austurs til að rannsaka hvort eldri minjar væru að finna undir rústinni. Skurðurinn var 2,5 m langur og 50 cm breiður og var tekinn aftan við innri steinaröð hússins [104], í gegnum vegg [103] og torfhrun [102] og þar niður að enda uppgraftarsvæðis.



Mynd 113. Snið sem snýr í suðvestur á profuskurði.

Kom þar í ljós að engar mannvistarleifar væru að finna undir vegg og torfhruni sem hefur fallið niður hlíðina. Beint undir vegg var náttúrulegur jarðvegur [118] og utan við vegg [103] var efst torfhrun [102] og þar undir gamalt yfirborð eða traðkað lag [115] og undir því var svo náttúrulegur jarðvegur [118]. Suðaustur veggurinn var mjög þunnur. Þar hefur veggurinn fallið

mikið saman og hann líklega að mestu hrunið niður brekkuna. Einungis var ein röð af ytri steinum og er líklegt að steinar hafa verið fengnir þar úr til að byggja Hús B.



Mynd 114. Prufuskurður 1 sem var grafinn í gegnum vegg og hrun til að rannsaka hvort leifar væru að finna undir Húsi A.

Prufuskurður 2 var grafinn þvert á norðausturvegg til að kanna eðli veggjarins. Skurðurinn var 1,5 m á lengd og 50 cm að breidd. Kom þar í ljós að við grunninn á veggnum við ytri steinaröð voru minni steinar sem afmörkuðu vegginn. Veggurinn var hlaðinn með strengjatorfi á milli steina [104] og beint undir veggnum var náttúrulegur jarðvegur. Upp að steinum [104] var skriða [105] og lá hún yfir gömlu tröðkuðu yfirborði [115] sem var mjög þunnt þar undir.




Mynd 115. Prufuskurður 2 í þvert á norðaustur vegg Hús A og til norðurs að enda uppgraftarsvæðis.

Við uppgröftinn á Eilífsseli-Húsi A fundust 16 gripir og tengjast þau athæfum sem búast má við að finna við uppgröft á miðaldaseli s.s. brýni, krítarpípa og naglar. Fimm sýni voru tekin og voru það þrjú jarðvegssýni úr góflögum þrem [109], [112] og [117], eitt úr móöskulagi [108] og dýratennur til aldursgreiningar úr torfhruni [102].

Tafla 2. Fjöldi gripa fundnir í Húsi A við Eilífssel sumarið 2021. Alls voru gefin 16 fundanúmer.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Brýni	Steinn	2
Kola	Steinn	1
Krítarpípa	Leirker	2
Nagli	Járn	3
Öngull	Járn	1
Skæri	Járn	1
Þynna	Kopar	1
Vasahnífur	Járn	1
Óþekkt	Steinn	2
Óþekkt	Járn	2

Erfitt er að segja til um hlutverk Hús A út frá þeim fáu gripum sem fundust. Mikilvægt er að horfa á samhengið og þær heimildir sem til eru af staðnum. Með því er hægt að líta svo á að þar hafi verið búið, eldað og að þar hafi verið dýrahald. Þess má geta að flestir nothæfir hlutir hafi verið fjarlægðir úr húsinu þegar það var yfirgefið og því einungis gripir fundir sem hafa týnst eða ekki not fyrir lengur.



Mynd 116. Teikning á húsi A og B á Eilífsseli eftir uppgroft.

9.2.3 Hús B- Rúst til suðurs

Rétt sunnan og yfir suðvestur vegg á Húsi A er stein- og torfhlaðin rúst með einu hólfi. Grafinn var skurður sem var 6,5 m að lengd og 2 m á breidd yfir rústinni (13,2 m²). Veggir rústarinnar voru mismunandi þar sem norður veggurinn var hærri og hlaðinn úr torfi með grjóti sitthvoru megin. Suður veggurinn var heldur lægri og hlaðinn úr steinum og torfi.

Yfir rústinni allri var yfirborðslag [201] og var það milli þéttur brúnn siltaður jarðvegur með mikið af smáum steinum og þéttri sinu efst. Steinar veggja [203] voru sjáanlegir undir yfirborðinu. Steinarnir voru misstórir og óslípaðir. Veggir snúa í austur – vestur og virðist vera op til austurs. Norður veggurinn var hlaðinn úr torfi [204] með steinum sitthvoru megin við torfið. Veggurinn var um 1 m að hæð og alls um 3 m að breidd. Torfið í veggnum var milli þétt skellótt appelsínugult, bleikt, ljósbrúnt og brúnt strengjatorf og var 80 cm - 1 m á breidd. Steinahleðslur í veggnum voru 3-4 lög og voru um 80 cm til 1 m að breidd sitthvoru megin við torfvegginn.

Suður veggurinn var hlaðinn úr grjóti og torfi og var um 30 cm að hæð og um 1 m að breidd. Steinahleðslur í veggnum voru 1-2 lög og var torf á milli steina.



Mynd 117. Veggir í Húsi B. Syðri veggur er fremst og norðri veggur er aftar. Vinstri myndin er eftir að yfirborðslag var tekið af, þar sést mikið steinhrun úr veggjum yfir hólfinu. Miðju myndin er við miðju uppgrftar, þar hefur mesta steinhrun verið fjarlæggt og komið niður í mögulegt gólflag/ traðkað lag [206]. Hægri myndin er eftir uppgröft, þar sem allt steinhrun hefur verið fjarlæggt og veggir standa eftir. Náttúrulegt yfirborð [202] er sjáanlegt innan í hólfi hússins og til suðurs við syðri vegg.

Torf og steinhrun úr veggjum [205] lá innan yfir hólfi á Húsi B og til suðurs. Hrúnið var laust appelsínugult, rautt, ljósbrúnt og hvítt siltað torf með grjóti úr vegg saman við. Í laginu fannst leirkersbrot (F#5). Mögulegt gólflag [206] innan í hólfinu var þétt svart/ dökkgrátt kolasmítað silt með grárri ösku. Lagið var um 1,6 m að breidd og 4 cm að þykkt. Eitt jarðvegssýni var tekið úr mögulegu gólflagi S#001. Þar beint undir var náttúrulegur jarðvegur [202], millibrún silt og möl með mikið af smáum steinum, og hafði húsið verið byggt beint ofan á því.




Mynd 118. Hólf innan í Húsi B. Þar sést mögulegt gólflag/ traðkað lag [206.]

9.2.4 Túlkun

Vestur hluti hússins hefur verið raskaður við gerð vegar árið 1950. Þar hafa fyllingar og skeringar fyrir veginum farið yfir hluta rústarinnar. Við austur endann út fyrir mörk uppgraftarsvæðis var hægt að sjá móta fyrir enda veggja og líklegum inngangi inn í hólfið.

Mögulegt gólflag [206] er líklega traðkað lag frekar en gólf. Lagið var ekki eins feitt og hefðbundin gólf og voru engin brennd bein að sjá. Að öllum líkindum hafa dýr verið haldið þar inni þar sem engin merki um búsetu var að finna og engir gripir tengdir búsetu fundust við uppgröftinn á Húsi B. Einungis einn gripur fannst við uppgröftinn og var það leirkersbrot (F#5) fundið í hruni [205]. Eitt jarðvegssýni (S#001) var tekið úr mögulegu gólfi [206]. Með greiningu á jarðvegssýninu er mögulega hægt að sjá hvert hlutverk hússins hafi verið.

Hús B virtist heillegra og ekki eins raskað og Hús A. Ekki er vitað hvort húsin séu samtíða á öllum notkunarskeiðum sem voru að finna í Húsi A en ljóst er að þau hafi verið samtíða á einhverjum tímamarki. Líklegt er að búið var í Húsi A og Hús B hafi verið notað fyrir dýrahald.




Mynd 119. Plan teikning af Húsi B við Eilífssel.

9.3 Fornleifarannsókn á Garðlagi 2552-004

Suður af bæjarstæðinu er grjóthlaðinn túngarður (A: 342073 N: 565348). Garðurinn liggur frá þjóðveginum í vesturátt í u.þ.b. 40 metra. Garðurinn er ógróinn og er um 50 cm þar sem hann er hæstur og 40 m langur.

Snið var tekið við enda garðsins og það teiknað. Uppbygging garðsins eru tvær raðir af grjóti látið vísa niður á hvorri hliðinni og miðjan var svo fyllt með meðal stóru grjóti. Garðurinn [801] var um 80 cm til 1 m að breidd og 70 – 90 cm hár. Garðurinn er heillegur og liggur í brekku. Um 2 m af garðinum mun skemmast við framkvæmdir og því áveðið að taka snið í garðinn við enda þess.



Mynd 120. Teikning af sniði garðlags [2552-004]



Mynd 121. Garðlag [2552-004] sem liggur frá vegi og niður að heimkeyrslu.

9.4 Fornleifarannsókn á vegi 2552-009

A: 342157 N: 565223

Gamall upphlaðinn vegur liggur frá þjóðveginum og að bæjarstæðinu. Vegurinn er nokkuð veglegur og verið mikið mannvirki og er hann nokkuð mikið upphlaðinn á sumum stöðum. Hann er um 2.5 m á breidd en þó er breidd hans misjöfn. Vegurinn er alveg gróinn í dag. Lengd hans er 44 m. Annar og yngri bílvegur hefur svo verið lagður nær bænum síðar.

Grafa var fengin til að grafa skurð í gegnum veginn til að kanna eðli hans og umfang. Við uppgröft kom í ljós að vegurinn var ekki eins gamall og talið var og því ákveðið að skrá hann ekki frekar.



Mynd 122. Gróinn upphlaðinn vegur [2552-009].

9.5 Fornleifarannsókn á garðlagi 2552-010

A: 341970 N: 565445

Fast við þjóðvegin við fjallið má greina garðlag í boga. Er eins og tveir garðar krossist þar. Garðarnir eru frá 2-4 m á breidd og grasivaxnir og sjást þeir vel á loftmyndum. Þeir eru 70 og 82 m á lengd. Við skráningu Náttúrustofu Vestfjarða veturinn 2020 var ekki víst um hvert hlutverk þeirra var og hvort um fornleifar væri að ræða.

Við komu á staðinn sumarið 2021 voru járn pípur sjáanlegar við enda þessara garðlaga og því staðfest að þarna væru ekki fornleifar að ræða heldur nútímalegri vatnsræsi, þ.e. að koma vatni niður af hlíðinni á skipulagðan hátt. Var því ákveðið að grafa ekki skurð í þessa garða.



Mynd 123. Nútímalegt vatnsræsi þar sem járnþrútur voru sjáanlegar við endann.

10. SKÁLANES

10.1 Saga

BA-58 Skálanes Dýrleiki 16 hundruð. „En er Ketill gufa kom aftr, þá fór hann vestr fyrir Mýrar ok var inn fjórða vetr á Snæfellsnesi at Gufuskálum. Hann nam síðan Gufufjörð ok Skálanes til Kollafjarðar.”⁵⁶ „Um várit bjóst Sturla at fara í fjörðu vestr. Skyldi hann þá ljúka upp gerðum eftir því, sem mælt var með þeim Vatnsfirðingum. Þeir höfðu lagt fund á Skálanesi.”⁵⁷ [1238] Máldagi Gufudalskirkju. “Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.”⁵⁸ [1446] Skrá um eignir Guðmundar Arasonar á Reykhólum þegar þær voru teknar undir konung. „oc med þessum ciiij kugilde [19 jarðer]. J Gufudals kyrkiu sockn. Skalanes xxx. Klaufastader xij. Galltargia xij. Eyre xvj.”⁵⁹ [1480] Samningur þeirra Þorleifs Björnssonar og Einars Björnssonar af einni álfu, en Rafns lögmanns Brandssonar af annarri um mál Bjarna Þórarinssonar og þeirra bræðra Þorleifs og Einars, og gengur Rafn í borgan fyrir Bjarna að hann verði laus úr fangelsi og komi til næsta Öxarárþings. „...og landskylldirnar af jordum þeim sem hustru Olufu hafði tilheyrdt vestur fra Skálanesi og til Vijka.”⁶⁰ [1509] Skrá og reikningsskapur Björns Guðnasonar um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar, mágs hans, er þá var andaður. „In primis j fystv. Briamslækur a bardastravnd med eingey lx c, fossa fiorvm c og xx hella segx c, hlid xvi c, anorsstader xx c, ravzdalur xx c, atta c sudur j skalanesi.”⁶¹ [1918] Stærð túns: 3.6 ha. Kálg. 618 fermetrar.

10.2 Merking á minjum

Á Skálanesi voru minjar merktar við námu 132 sem er í hrauninu sem minjarnar eru við. Mikil umferð stórra vinnuvéla sem sækja þar efni ógna rústunum sem eru þar. Á þessu svæði eru minjarnar Marítröð/ akur [1788-249], garðlag [1788-252], óþekktar rústir [1788-253] og óþekktar rústir [1788-254]. Minjarnar voru merktar með þremur girðingarstaurum austan við slóðann sem fer inn að námunni þar sem mesta hættan er við raski vinnuvéla.

⁵⁶ Landnámabók. 1968: 100.

⁵⁷ Sturlungasaga. 1946: 191.

⁵⁸ Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I. 1856-76: 522.

⁵⁹ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. IV. 1897 :156.

⁶⁰ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. VI. 1900-1904: 249-50.

⁶¹ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. VIII. 1906-13: 266-267.



Mynd 124. Minjar við Maríutröð.

10.2.1 Maríutröð/ akur 1788- 249

„Niður undir láglendi, þar sem fyrst er gengið upp á Hraunið innan frá, rétt vestur af mógröfum er Maríutröð, gamall akur ofan götunnar. Garður sést í kring og tættur eru þar alveg við Hraunið. En hér heitir Hraunið Syðrahraun.“⁶² Ekki sjást minjar eftir akur en gamall túnagarður og rústir eru þarna.

10.2.2 Garðlag 1788-252

„Niður undir láglendi, þar sem fyrst er gengið upp á Hraunið innan frá, rétt vestur af mógröfum er Maríutröð, gamall akur ofan götunnar. Garður sést í kring og tættur eru þar alveg við Hraunið. En hér heitir Hraunið Syðrahraun.“⁶³ Garðurinn er í boga og lokar af lægð sem myndast við hraunjaðarinn. Garðurinn er mikið sokkinn og útflattur og um 2 m á breidd og um 0,30 m á hæð. Garðurinn er 70 m á lengd.

⁶² Örnefnaskrá Skálaness.

⁶³ Örnefnaskrá Skálaness.

10.2.3 Óþekktar rústir 1788-253

Inn af garði [252] eru tvær rústir. Önnur þeirra er 9 m vestur af garðinum og er hún mjög ógreinileg og sokkin. Rústin er ílöng og 14 m á lengd og 5 m á breidd, gæti verið rúst af skála. Hleðslur eru rétt um 20 cm á hæð og á loftmyndum má hugsanlega greina 2 hólf.

10.2.4 Óþekktar rústir 1788-254

Um 30 m vestur af rúst [253] er önnur rúst. Rústin er tvö hólf annað er ílangt og hitt er minna við hliðina. Rústin er 10 m á lengd og 10 m á breidd þar sem hún er breiðust (bæði hólf). Rústin er grjóthlaðin og hleðslur um 30-40 cm.

11. LOKAORÐ

Allar mótvægiskröfur sem Minjastofnunar Íslands fór fram á voru rannsakaðar og unnar sumarið 2021. Samkvæmt mótvægisaðgerðum minjastofnunar voru öll svæði rannsökuð með annaðhvort fornleifauppgreftri eða prufuskurði innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs nýs Vestfjarðarvegi 60 frá Bjarkarlundi að Skálanesi í Reykhólahreppi. Þá voru minjar sem voru nálægt vinnusvæði fyrirhugaðs vegar en ekki innan áhrifasvæðis merktar með girðingastaurum eða viðarstaurum, þar sem þær minjar verða ekki fyrir raski.

Einungis voru tvær minjar grafnar í heild sinni og munu þær hverfa undir nýja veginn. Voru það naust [1788-203] og naust [1788-204] á Grónesi. Við uppgröft kom í ljós að naustin hafa ekki verið samtíða þar sem naust [1788-204] er beint sunnan við op nausts [1788-203].

Framkvæmdir voru hafnar við gerð vegar í Gufufirði við jörðina Horfsstaði í maí og því var hafist handa við að grafa könnunarskurði á Eilífsseli. Áður hafði rústinni verið raskað við gerð vegar um miðja síðustu öld. Rannsóknin var kláruð í júní og beint í kjölfar þess varð rústin grafin undir skeringar vegsins. Prufuskurðir í garðlög voru til að kanna umfang og eðli þeirra áður en rask hefst á svæðinu.

Erfitt var að greina sumar fornleifar og því áveðið að taka borkjara til að kanna hvort þar væru að finna fornleifar eða ekki. Alls voru teknir 11 borkjarnar. Á Hallsteinsnesi voru sjö borkjarnar teknir í kolagrafir [1788-279, 1788-281, 1788-283, 1788-284, 1788-286, 1788-287 og 1788-288] og ein í mögulega þúst [1788-278] sem seinna kom í ljós að væri ekki fornleifar. Svo voru frekari þrjár borkjarnar teknir á jörðinni Brekku þar sem borkjarnar voru teknir í stekk eða beitarhús [1788-325], einn í jarðhýsi [1788-332] og einn í skála [1788-331].

Við rannsóknina kom í ljós að tvær minjar sem voru skráðar sem fornleifar árið 2015 voru í raun nútímalegri minjar og því ekki rannsakaðar sem fornleifar. Voru það vegur [2552-009] og garðlag [2552-010] og því var ekki ráðist í að rannsaka þessar minjar líkt og kröfur Minjastofnunar fóru fram á.

Alls voru skráð 50 fundanúmer, bæði gripir og dýrabein frá Eilífsseli og úr Nausti 1788-203. Alls voru 18 sýni tekin til greiningar frá Eilífsseli [2552-011], nausti [1788-203] og kolagröf [1788-279].

12. HEIMILDASKRÁ

- Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012. *Þar minnst fjöll og firðir: Ýmislegt um Gufudalshrepp hinn forna í máli og myndum*. Vestfirska forlagið.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. Fyrsta bindi 834-1264. 1856-76. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. Þriðja 1269-1415. 1896. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. Fjórða bindi 1265-1449. 1897. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. Sjötta bindi 1245-1491. 1900-1904. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. Sjöunda bindi 1170-1505. 1903-1907. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. Áttunda bindi 1261-1521. 1906-1913. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eyrbyggja saga*. 1968. Í Íslensk fornrit. IV. bindi. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Guðrún G. Þórarinsdóttir og Anika Sonjudóttir. 2020. *Kortlagning kræklinga (Mytilus edulis) í norðan- og austanveðrum Breiðafirði*. Haf- og Vatnarannsóknir Hafranssóknarstofnun. HV 2020-53.
- Hallbjörn Edvarð Oddsson. Ársrit sögufélags Ísfirðinga. 2. árg.1957: „Ævisaga Hallbjörns Edvarðs Oddssonar“ (bls.144-151) Sögufélag Ísfirðinga

-
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1938. Dala- og Barðastrandarsýsla VI bindi. Hið íslenska Fræðafélag. Kaupmannahöfn
- J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.
- Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. 2022. *Björgunarrannsókn á skálanum á Grónesi*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 12-22.
- Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022. *Viðbætur við fornleifaskráningu vegna breytinga á Vestfjarðarvegi 60 frá Bjarkarlundi að Skálanesi. Viðbætur við fornleifaskráningu og vegna breytinga á veglínu*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 13-22
- Kristján Sveinsson. 1990. „Fleytan er of smá, sá guli er utar. Um breytingar á bátastærðum 1690-1770“. *Sagnir. Tímarit um söguleg efni*. 11 árg.: 28-34.
- Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenskir sjávarhættir*. II. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Lúðvík Kristjánsson. 1983. *Íslenskir sjávarhættir* III. Bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Lúðvík Kristjánsson. 1985. *Íslenskir sjávarhættir* IV. Bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016. *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 09-16.
- Margrét Hallmundsdóttir. 2020. *Fornleifaskráning vegna endurbyggingar á Gufudalsvegi frá Gufudalsá til Krakár*. NV nr. 17-20
- Landnámabók*. 1968. Í Íslensk fornrit. I. bindi. Íslendingabók. Landnámabók. Síðari hluti. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Lightfoot, Amy. 1996. „From Heather Clad Hills to the Roof of a Medieval Church. The Story of a Woolen Sail“. *Norwegian Textile Letter*. Annað bindi, nr 3: bls. 1-12
- Ragnar Edvardsson. 2004. *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu*. NV nr. 17-04.
- Skúli Magnússon. 1935. *Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu: Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta : Landnám Ingólfs : Safn til sögu þess*. Reykjavík. Félagið Ingólfur.
- Skýrslur um Landshagi á Íslandi*. 1861. Brauðmat á Íslandi, bls 593-851. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag.
-

Sturlunga saga. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna.
Reykjavík, Sturlungaútgáfan.

Valdimar Ingi Gunnarsson, Sigurður Már Einarsson og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2020.
Kræklingarækt á Íslandi. Veiðimálastofnun. VMST-R/0025.

Þjóðviljinn. 1886. „Faein orð um fiskrveiðar Ísfirðinga“. 3 tölublað. 30.11.1886. bls. 10-11.

